

**Skýrsla fastanefndar Íslands
hjá Sameinuðu þjóðunum
um starfsemi
61. allsherjarþingsins
2006/2007**

**auk yfirlits um starf
öryggisráðsins
ágúst 2006 til júlí 2007**

Útgefandi:
Fastanefnd Íslands hjá SP
800 Third Avenue, 36th fl.
New York, NY 10022

Sími:(1) 212-593-2700
Fax: (1) 212-593-6269
Netfang: unmission@mfa.is

Prentun: InstantPublisher.com
© Fastanefnd Íslands hjá SP

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Sendinefnd Íslands	5
Fulltrúar þingflokka	5
Starfsfólk fastanefndar Íslands í New York	6
Ban Ki-moon nýr aðalframkvæmdastjóri SP	6
Forseti 61. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.....	6
Ræða utanríkisráðherra	6
Fundir og tvíhliða viðræður ráðherra	7
Málefni sem heyra beint undir allsherjarþingið	7
Ráðherrafundur um flutninga fólks milli landa	7
Ráðherrafundur um stöðu fátækustu ríkja heims.....	8
Ársskýrsla aðalframkvæmdastjóra SP.....	8
Skýrsla efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC).....	8
Viðskiptabann Bandaríkjanna gegn Kúbu.....	9
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	9
Afganistan	9
Palestína og ástandið í Mið-Austurlöndum	10
Sjóður til uppbyggingar friðar.....	10
Styrking allsherjarþingsins.....	11
Málefni hafsins.....	11
Kosningar	14
Eftirfylgni leiðtogafundar SP í september 2005.....	17
Sérstakur fundur allsherjarþingsins um loftslagsbreytingar	23
Fyrsta nefnd: Afvopnunar- og öryggismál	23
Önnur nefnd: Efnahags-, þróunar- og umhverfismál	24
Þriðja nefnd: Félags- og mannréttindamál	27
Fjórtða nefnd: Sérstaka stjórn mála- og nýlendunefndin	28
Fimmta nefnd: Fjárhags- og stjórnsýslumál.....	31
Sjötta nefnd: Þjóðréttarmál	33
Suður – suður nefnd SP (GA High-level Committee on South-South Cooperation)	34
Fundur um réttindi og virðingu fatlaðra.....	34

Almennt um starfsemi fastanefndar	35
Framboð Íslands til öryggisráðsins	35
Stofnun stjórnmálasambanda	36
Samstarf Norðurlanda	37
Hópur vestrænna ríkja (WEOG)	37
Öryggisráðið	37
Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC)	42
Skipulag og verksvið ECOSOC	42
Árlegur fundur ECOSOC	43
Ályktanir í ECOSOC	43
Árlegur fundur ECOSOC með Bretton Woods stofnununum, alþjóðaviðskiptastofnuninni og UNCTAD	44
Aukaverkefni fastafulltrúa vegna setu í stjórn ECOSOC	44
Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW)	45
Nefnd um sjálfbæra þróun (CSD)	46
Framkvæmdastjórn UNDP/UNFPA	48
I. viðauki: Ræða Valgerðar Sverrisdóttur, utanríkisráðherra, í almennri stjórnmálaumræðu á allsherjarþinginu, 26. september 2006	49
II. viðauki: Ræður í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna	52
III. viðauki: Ræður í allsherjarþinginu og undirnefndum	57
IV. viðauki: Ræður í efnahags- og félagsmálaráði SP (ECOSOC) og undirnefndum	81
V. viðauki: Aðrar ræður	94
VI. viðauki: Ályktanir allsherjarþingsins	97
VII. viðauki: Ályktanir 1. nefndar	102
VIII. viðauki: Ályktanir 2. nefndar	108
IX. viðauki: Ályktanir 3. nefndar	111
X. viðauki: Ályktanir 4. nefndar	115
XI. viðauki: Ályktanir 5. nefndar	118
XII. viðauki: Ályktanir 6. nefndar	121
XIII. viðauki: Hlutfallslegt skylduframlag aðildarríkja til almenns rekstrar SP	123

Inngangur

Skýrslu þessari er ætlað að vera yfirlit um störf fastanefndar Íslands á 61. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna (SP). Einnig er fjallað um starf öryggisráðs SP og efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC) frá ágúst 2006 til loka júlí 2007.

Í viðauka eru ræður ráðherra, fastafulltrúa og annarra fulltrúa Íslands í allsherjarþinginu, nefndum þess, í öryggisráðinu og ECOSOC. Þá eru þar töflur sem sýna mál hversrar nefndar og afgreiðslu þeirra, sem og afstöðu Íslands til mála við atkvæðagreiðslur.

Loks er birt yfirlit um framlög aðildarríkja, samþykkt á 61. þingi.

Sendinefnd Íslands

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, formaður.

Hjálmar W. Hannesson, sendiherra, fastafulltrúi, varaformaður.

Sigríður Á. Snævarr, sendiherra.

Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu.

Gunnar Gunnarsson, sendiherra, fastafulltrúi Íslands hjá NATO.

Harald Aspelund, sendifulltrúi, varafastafulltrúi.

Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur.

Þórður Bjarni Guðjónsson, sendifulltrúi á alþjóðaskrifstofu.

Nikulás Hannigan, sendifulltrúi á alþjóðaskrifstofu.

Ragnar G. Kristjánsson, sendiráðunautur.

Emil Breki Hreggviðsson, sendiráðunautur.

Matthías Geir Pálsson, sendiráðunautur.

Sigfús Ingi Sigfússon, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Jörundur Valtýsson, ráðgjafi utanríkisráðherra.

Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri, dómsmálaráðuneyti.

Thor H. Thors, ráðgjafi.

Kristín A. Árnadóttir, ráðgjafi.

Petrína Bachmann, ráðgjafi.

Arndís D. Arnardóttir, ráðgjafi.

Þorvarður Atli Þórsson, starfsnemi.

Fulltrúar þingflokka

Guðjón Ólafur Jónsson

Halldór Blöndal

Jóhann Ársællsson

Jón Bjarnason

Margrét Frímannsdóttir

Sigríður Anna Þórðardóttir

Starfsfólk fastanefndar Íslands í New York

Hjálmar W. Hannesson, sendiherra, fastafulltrúi
Harald Aspelund, sendifulltrúi, varafastafulltrúi
Ragnar G. Kristjánsson, sendiráðunautur (til feb. 2007)
Emil Breki Hreggviðsson, sendiráðunautur
Matthías Geir Pálsson, sendiráðunautur
María Mjöll Jónsdóttir,
Petrína Bachmann, sendiráðsfulltrúi
Arndís D. Arnardóttir, ritari
Þorvarður Atli Þórsson, starfsnemi (til jan. 2007)
Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, starfsnemi (jan. til júní 2007)
Ágúst Flygenring, starfsnemi (frá júlí 2007)
Herculano Sabas, bifreiðastjóri, aðstoðarmaður

Ban Ki-moon nýr aðalframkvæmdastjóri SP

Um áramótin 2006/2007 hætti Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri, störfum eftir tíu ár í embættinu og við tók Ban Ki-moon, utanríkisráðherra Suður-Kóreu, en hann var formlega kjörinn af allsherjarþinginu föstudaginn 13. október 2006.

Forseti 61. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna

Þingstörf haustannar 61. allsherjarþings hófust 12. september 2006. Sú nýjung að kjósa forseta allsherjarþingsins og varaforseta þremur mánuðum fyrir upphaf þess hefur mælst vel fyrir. Þá gefst nýkjörnum forseta meiri tími til að búa sig undir að taka við störfum við upphaf hvers allsherjarþings.

Svíinn Jan Eliasson, forseti 60. allsherjarþingsins, reyndist afar röggssamur forseti á sérstaklega starfssömu ári í kjölfar leiðtogafundarins í upphafi 60. allsherjarþingsins. Er mál manna að hann hafi unnið þrekvirki og að það sem hefur náðst fram í samningum sé að talsverðu leyti honum að þakka. Um þær niðurstöður hefur verið fjallað í mörgum skýrslum fastanefndarinnar.

Forseti 61. allsherjarþingsins var kjörinn 8. júní 2006. Fyrir valinu varð frú Sheika Haya Rashed Al Khalifa frá Bahrein. Þrjátíu og sjö ár voru þá liðin síðan kona var síðast forseti allsherjarþingsins.

Ræða utanríkisráðherra

Almenna ráðherrauræða 61. allsherjarþingsins hófst 19. september. Að þessu sinni var áhersla umræðunnar á alþjóðlegt samstarf í

Þróunarmálum og flutti Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, ræðu sína hinn 26. september. Í máli hennar kom fram að íslensk stjórnvöld öxluðu ábyrgð með auknum framlögum til þróunarsamvinnu. Utanríkisráðherra lagði jafnframt áherslu á stöðu kvenna og barna og tilgreindi aukið framlag íslenskra stjórnvalda til þróunarsjóðs SP fyrir konur, UNIFEM, og aukið framlag stjórnvalda, fyrirtækja og einstaklinga til barnahjálpar SP, UNICEF.

Utanríkisráðherra lagði einnig áherslu á umhverfismál og endurnýjanlega orku. Ísland hefði sérstöðu hvað varðar jarðhita og gæti miðlað þekkingu sinni.

Málefni hafsins hefðu einnig afgerandi áhrif á afkomu þróunarríkja í ljósi þess að 95% þeirra sem byggðu afkomu sína á fiskveiðum væru í þróunarríkjunum. Mengun hafsins og óábyrgar fiskveiðar væru því áhyggjuefni. Utanríkisráðherra greindi frá framlagi Íslands til aukinnar framþróunar og ábyrgðar á þessum sviðum, sem fælist meðal annars í þjálfun sérfræðinga frá þróunarríkjunum í háskólum SP á Íslandi á sviði jarðhita og sjávarútvegs.

Þá lagði utanríkisráðherra áherslu á að mannréttindi væru algild og ekki umsemjanleg. Hún þakkaði Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóra SP, sérstaklega fyrir framlag hans til alþjóðasamfélagsins. Í lok ræðu sinnar minnti utanríkisráðherra á framboð Íslands til setu í Öryggisráði SP árin 2009 og 2010. Ræðuna er að finna í I. viðauka.

Fundur og tvíhliða viðræður ráðherra

Á meðan almenn umræða ráðherra á 61. allsherjarþingi SP stóð yfir átti utanríkisráðherra tvíhliða fundi með utanríkisráðherrum um þrjátíu ríkja þar sem hún kynnti framboð Íslands til setu í Öryggisráðinu. Þá sat Valgerður Sverrisdóttir fund utanríkisráðherra NATO og utanríkisráðherrafund Norðurlandanna. Loks sat hún fund kvenutanríkisráðherra og ráðstefnu um frumkvæði kvenna sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna stóð fyrir.

Málefni sem heyra beint undir allsherjarþingið

Ráðherrafundur um flutninga fólks milli landa

Tveggja daga ráðherrafundur um flutninga fólks milli landa og þróunarmál (International Migration and Development) var haldinn 14. og 15. september 2006.

Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, sat fundinn ásamt fastanefnd og fastafulltrúi hélt ræðu fyrir Íslands hönd.

Málefni er tengjast fólksflutningum, s.s. réttindi innflytjenda, höfðu áður ekki verið til umræðu innan SP, en Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri SP, lagði á það mikla áherslu að gera þeim málum hátt undir höfði á alþjóðavettvangi. Þessi ráðherrafundur var liður í þeirri viðleitni.

Í ræðu Íslands var m.a. vakin athygli á þeirri breytingu sem orðið hefur á Íslandi á undanförunum árum með auknum flutningum fólks til og frá landinu. Þar sagði að fólksflutningar geti haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif og það væri hlutverk stjórnvalda að koma í veg fyrir neikvæðu áhrifin.

Í því sambandi nefndi fastafulltrúi mikilvægi þess að tryggja jafnan rétt kynjanna og réttindi barna, því misrétti geti oft orðið bæði orsök og afleiðing neikvæðra þátta fólksflutninga. Konur og börn væru oft fórnarlömb ólöglegra fólksflutninga. Hann sagði að tilraunir hafi verið gerðar til að nota Ísland til ólöglegra flutninga fólks milli landa og hafi íslensk stjórnvöld brugðist við því með ýmsum hætti.

Ráðherrafundur um stöðu fátækustu ríkja heims

Dagana 18. og 19. september 2006 var haldinn ráðherrafundur um stöðu fátækustu ríkja heims (Least Developed Countries) og þar farið yfir hvernig til hefur tekist um framkvæmd sérstaks átaks í þeirra þágu 2001 til 2010.

Ársskýrsla aðalframkvæmdastjóra SP

Fjallað var um ársskýrslu Kofi Annan, þáverandi aðalframkvæmdastjóra, 2. október 2006. Fastafulltrúi flutti þar ræðu. Í henni var m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að halda áfram endurbótum innan SP. Meðal annars væri mikilvægt að fjölga bæði föstum og kjörnum ríkjum í öryggisráðinu. Hann fagnaði því að mannréttindamál skipa orðið hærri sess í starfi SP. Þá væru áherslur samtakanna á forvarnarstarf markverðar, t.d. varðandi leiðir til að koma í veg fyrir átök í stað þess að bregðast einungis við þegar í óefni er komið. Þá var lögð áhersla á mikilvægi afvopnunar og að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna.

Skýrsla efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC)

Hinn 3. nóvember 2006 fór fram umræða í allsherjarþinginu um skýrslu efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC). Fastafulltrúi, sem er jafnframt einn af fjórum varaforsetum ráðsins, flutti ræðu þar sem hann fór m.a. í stuttu máli yfir árangur ársins. Á árlegum ráðherrafundi

ráðsins, sem haldinn var í Genf í júlí 2006, var lögð áhersla á mannsæmandi atvinnu fyrir alla. Í því sambandi vakti fastafulltrúi sérstaka athygli á mikilvægi jafnréttis kynjanna. Hann lýsti áhyggjum sínum af litlum árangri í tímafrekum samningaviðræðum um styrkingu og endurbætur á ráðinu og lagði áherslu á að forðast beri að niðurstaðan feli í sér tvíverknað.

Viðskiptabann Bandaríkjanna gegn Kúbu

Hin árlega ályktunartillaga gegn viðskiptabanni Bandaríkjanna gagnvart Kúbu var tekin til afgreiðslu í allsherjarþinginu miðvikudaginn 8. nóvember 2006.

Ástralía lagði fram breytingatillögu um mannréttindabrot Kúbu. Kúba setti fram á fundinum frávisunartillögu sem var samþykkt með 126 atkvæðum, 51 ríki voru andvíg og fimm sátu hjá. Þessvegna fór ekki fram atkvæðagreiðsla um sjálfa breytingartillöguna.

Ísland, Noregur og ESB-ríkin greiddu atkvæði gegn frávisunartillögunni. Utanríkisráðherra Kúbu gagnrýndi Ástralíu harðlega og kallaði Ástralíumenn skósveina Bandaríkjustjórnar. Ályktunartillaga Kúbu um að viðskiptabanninu verði aflétt var samþykkt 183 gegn 4 (Bandaríkin, Ísrael, Marshall-eyjar, Palá). Eitt ríki, Mikrónesía, sat hjá.

Mannúðarmál og neyðaraðstoð

Árleg umræða um mannúðarmál og neyðaraðstoð fór fram í allsherjarþinginu 14. desember 2006. Undir þessum dagskrárlið voru samþykktar 5 ályktanir og var Ísland meðflutningsríki þeirra allra. Þær fjalla um aðstoð vegna flóðbylgjunnar sem reið yfir Indlandshaf 26. desember 2004, um aðstoð við Palestínumenn, um öryggi starfsmanna SP, um alþjóðlegt samstarf um neyðaraðstoð til þróunar og um aukið samræmi í aðgerðum SP kerfisins í neyðaraðstoð og mannúðarmálum.

Fastafulltrúi tilkynnti um 250.000 Bandaríkjadala viðbótarframlag Íslands í sjóð SP til að bregðast við neyðarástandi (Central Emergency Response Fund) á hátíðarfundum allsherjarþingsins 7. desember 2006. Ennfremur tilkynnti fastanefndin með orðsendingu, dags. 26. júní 2007 um 20 milljóna króna framlag til viðbótar.

Afganistan

Hinn 28. nóvember fór fram umræða í allsherjarþinginu um ástandið í Afganistan og hélt fastafulltrúi ræðu. Í henni kom m.a. fram að töluvert hefði áunnist í að koma á lýðræði og í enduruppbyggingu landsins á

þeim fimm árum sem liðin eru frá því að stjórn Talibana var steypt af stóli. Á hinn bóginn ógnaði óstöðugleiki, aukin ólögleg rækt og dreifing eiturlyfa og spilling, þeim árangri sem náðst hefði. Mikilvægt væri að berjast gegn þessum ógnunum.

Fastafulltrúi greindi jafnframt frá þátttöku og framlagi Íslands til enduruppbyggingar í Afganistan, m.a. með starfsfólki á flugvöllinum í Kabúl og með því að aðstoða afgönsk stjórnvöld við að færa alþjóðaflugvöllinn í hendur heimamanna. Þá hefðu Íslendingar tekið þátt í endurreisnarstarfi í Ghor-héraði, þ.m.t. með því að halda ljósmæðra- og yfirsetunámskeið. Fastafulltrúi upplýsti að íslensk stjórnvöld myndu veita fé til sérstaks sjóðs á vegum SP sem hefur að markmiði að styrkja uppbyggingu í löggæslu- og réttarfarsmálum.

Palestína og ástandið í Mið-Austurlöndum

Kallað var til tíunda neyðarfundar allsherjarþings SP um aðgerðir Ísraelsmanna á herteknum svæðum Palestínnumanna föstudaginn 17. nóvember 2006. Allsherjarþingið samþykkti ályktun þar sem þingið harmar mjög aðgerðir Ísraelshers á Gaza og einnig áráð Ísraelsmanna í bænum Beit Hanoun 8. nóvember 2006, þar sem fjöldi óbreyttra borgara lét lífið. Allsherjarþingið bað aðalframkvæmdastjóra SP um að koma á fót rannsóknarnefnd um fyrrgreindan atburð í Beit Hanoun og að skila niðurstöðuskýrslu til allsherjarþingsins innan þrjátíu daga. Ísland var fylgjandi ályktuninni, sem var samþykkt með 156 atkvæðum. Sjö ríki voru andvíg ályktuninni en sex ríki sátu hjá.

Dagana 29. nóvember til 1. desember 2006 fór fram umræða í allsherjarþinginu um Palestínu og ástandið í Mið-Austurlöndum. Sendiherra ESB flutti tvær yfirlýsingar sem Ísland tók undir. Að svo búnu voru greidd atkvæði um sex ályktanir um þessi mál. Efni ályktananna var lítið breytt frá fyrri árum. Ísland greiddi nú, eins og undanfarin ár, atkvæði með ályktunum um stöðu Jerúsalemborgar, sérstaka upplýsingaáætlun innan upplýsingadeildar SP um Palestínu og um friðsamlega lausn Palestínumálsins, en sat hjá við atkvæðagreiðslu um ályktanir um Gólanhæðir, nefnd um óumdeilanleg réttindi Palestínnumanna og sérstaka deild fyrir réttindi Palestínufólks á aðalskrifstofu SP. Öryggisráð SP er aðalvettvangur fyrir umfjöllun um ástandið á svæðinu, sjá nánar síðar.

Sjóður til uppbyggingar friðar

Sjóði á vegum SP til uppbyggingar friðar (Peacebuilding Fund) var formlega ýtt úr vör við sérstaka athöfn 11. október 2006 þar sem varafastafulltrúi tilkynnti um framlag Íslands, 1 milljón Bandaríkjadala.

Markmið sjóðsins er að hafa til reiðu fjármagn sem hægt verði að grípa til með skömmum fyrirvara vegna verkefna sem talin eru gegna lykilhlutverki í uppbyggingu friðar að loknum átökum.

Styrking allsherjarþingsins

Fjallað hefur verið um hlutverk og vald allsherjarþingsins gagnvart öðrum stofnunum SP, einkum öryggisráðinu. Oft er ítrekað að fara beri eftir stofnsáttmálanum þegar komi að valdsviðum helstu stofnanna SP, en öryggisráðið er af mörgum talið hafa farið inn á valdsvið allsherjarþingsins og ECOSOC.

Forseti allsherjarþingsins skipaði fastafulltrúa San Marínó og Senegal til að freista þess að koma með tillögur um styrkingu allsherjarþingsins og héldu þeir marga óformlega fundi með þátttökuríkjum, þ.á m. Íslandi. Óformlegir fundir allsherjarþingsins voru haldnir um málið.

Engar niðurstöður urðu aðrar en að samþykkt var að halda umræðum áfram á 62. allsherjarþinginu.

Málefni hafsins

Eins og undanfarin ár fóru fram hjá SP samningaviðræður um tvær ályktanir varðandi málefni hafsins, annarsvegar um hafrétt (Oceans and Law of the Sea) og hinsvegar um fiskveiðar. Báðar varða mikilvæga hagsmuni Íslands og Ísland tekur ávallt virkan þátt í viðræðum um texta þessara ályktana. Á 61. allsherjarþingi var samningalotunni um báðar þessar ályktanir skipt í tvennt, rætt var um hafréttinn 25. til 29. september og 10. til 16. nóvember, en um fiskveiðar 2. til 9. október og 17. til 22. nóvember 2006.

Þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins sat fyrri samningalotuna í báðum ályktunum og síðari lotuna um fiskveiðar einnig, en skrifstofustjóri auðlindaskrifstofu sótti síðari hluta hafréttarviðræðnanna. Fastanefndin sat einnig nokkra fundi og fylgdist með viðræðunum. Meðal atriða sem Ísland lagði áherslu á að þessu sinni var verndun vistkerfa hafsins og líffræðilegs fjölbreytileika auk framgangs að sjálfbærri nýtingu lífrænna auðlinda hafsins.

Í samningaviðræðunum um fiskveiðiályktunina taldi Ísland mikilvægt að ekki yrði orðið við kröfum um tímabundið bann við botnvörpuveiðum á þeim svæðum á úthafinu sem ekki eru undir svæðisbundinni fiskveiðistjórn, heldur yrði leitað annarra og markvissari leiða til að vernda viðkvæm vistkerfi hafsins gegn skaðlegum áhrifum fiskveiða.

Ísland var meðflutningsríki beggja ályktananna og þegar fjallað var um þær í allsherjarþinginu flutti fastafulltrúi ítarlega ræðu.

Global Marine Assessment: Fundur í stýrihópi fyrir “Assessment of Assessments” sem haldinn var 22. júní 2007

Á vettvangi UNEP árið 2001 lagði Ísland til, og fékk samþykkt, að kannað yrði hvort setja mætti á laggirnar sérstakt reglulegt hnattrænt mat á ástandi hafanna. Tillagan komst inn í ályktun Jóhannesborgarfundarins þar sem lagt var til að ferlið yrði sett á laggirnar á vettvangi SP. Dregist hefur að koma verkefninu af stað, m.a. vegna þess að ekki eru öll ríki sátt við hvað eigi að felast í slíku mati. Til þess að þoka málum áfram var ákveðið að setja af stað vinnu við að afla upplýsinga um og meta þau ástandsmöt sem eru til nú þegar. Vinnan gengur undir nafninu “ástandsmat á ástandsmati” (*Assessment of Assessment- AA*). Vinnan í AA er unnin af sérfræðingahópi undir stjórn UNEP og IOC UNESCO. Sérstakur stýrihópur var settur yfir verkefnið með fulltrúum aðildarríkja SP. Af 18 sætum í stýrihópnum eiga vestræn ríki þrjú sæti og situr Ísland í einu þeirra. Fulltrúi Íslands í stýrihópnum er Jón Erlingur Jónasson, sendifulltrúi.

Annar fundur stýrihópsins var haldinn í New York 22. júní 2007. Á þeim fundi var m.a. fjallað um skýrslu af fyrsta fundi sérfræðingahópsins sem haldinn var í París 29. til 30. mars 2007. Í skýrslunni var fjallað um vinnuaðferðir við mat á upplýsingum um ástand og umhverfi hafsins, afmörkun viðfangsefnisins, svæðisskiptingu sjávar, tímafresti o.fl. Stýrihópurinn ræddi einnig hvernig afla megi fjármagns og stuðnings við verkefnið, skýrslugjöf til óformlega samráðsvettvangsins (Informal Consultative Process) og fleiri atriði.

Áttundi fundur hins óformlega vettvangs SP um málefni hafsins (UNICPOLOS) 25. – 29. júní 2007

Áttundi fundur hins óformlega samráðsvettvangs SP um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS) fór fram dagana 25.- 29. júní 2007. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, og Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu. Fundir samráðsvettvangsins eru þáttur í undirbúningi fyrir reglubundna umfjöllun allsherjarþingsins um málefni hafsins og hafréttarmál. Fjallað er um þróun í málafnum hafsins og hvernig auka megi samstarf og samhæfingu milli stjórnvalda aðildarríkja og milli alþjóðastofnana á þessu sviði.

Aðalumfjöllunarefni þessa fundar var erfðaauðlindir hafsins („marine genetic resources”) og voru ýmsir þættir þess viðfangsefnis ræddir í þaula. Þrír umræðuhópar fjölluðu um mismunandi atriði sem tengjast

erfðaaudlindum hafsins. Fyrsti hópurinn ræddi um skilning á eðli erfðaaudlinda sjávar, viðkvæmni þeirra og nýtingu, annar ræddi um skilning á aðgerðum sem tengjast þessum audlindum, s.s. söfnun þeirra og viðskiptum með þær, og sá þriðji ræddi um alþjóðlega samvinnu og samræmingu í málefnum sem tengjast erfðaaudlindum hafsins.

Fulltrúar margra ríkja fluttu almennar ræður þar sem bæði var fjallað um þetta meginefni fundarins en einnig vikið að öðrum málefnum sem eru ofarlega á baugi. Í ræðu sinni lagði Tómas H. Heiðar áherslu á að verndun og nýting erfðaaudlinda hafsins utan innlendrar lögsögu félli undir ákvæði hafréttarsamningsins um úthafið og ekki ákvæði sama samnings um alþjóðlega hafsbotnssvæðið og sameiginlega arfleifð mannkyns. Jafnframt lýsti hann Ísland reiðubúið til að taka þátt í viðræðum um sanngjarnar, praktískar lausnir innan þessa ramma. Enn fremur vék hann að verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins og baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum, og mikilvægu starfi FAO á báðum sviðum.

Í lok fundarins fóru samkvæmt venju fram samningaviðræður um niðurstöðutexta fundarins varðandi erfðaaudlindir hafsins sem beint er til allsherjarþings SP. Viðræðurnar gengu ágætlega framan af og samkomulag náðist um stóran hluta textans á grundvelli draga sem formennirnir tveir höfðu undirbúið. Svo fór þó að lokum að samkomulag náðist ekki um það hvernig gera ætti í textanum grein fyrir ágreiningi milli iðnríkja annarsvegar og þróunarríkja hinsvegar um hvaða ákvæði hafréttarsamningsins gildi um nýtingu erfðaaudlinda hafsins utan innlendrar lögsögu. Af því leiddi að samkomulag náðist ekki um neinn niðurstöðutexta fundarins. Formennirnir kváðust í fundarlok, skömmu fyrir miðnætti föstudaginn 29. júní, mundu gera grein fyrir samningaviðræðunum í skýrslu sinni um fundinn og setja í eigin nafni fram texta sem vonandi gæti nýst í viðræðum um hafréttarályktanir 62. allsherjarþings.

Fundur aðildarríkja hafréttarsamningsins, 14. – 22. júní 2007

Sautjándi fundur aðildarríkja hafréttarsamningsins var haldinn dagana 14.-22. júní 2007. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins og Matthías G. Pálsson sendiráðunautur í fastanefnd Íslands hjá SP. Að þessu sinni hófst fundurinn á því að kosið var í 21 sæti í landgrunnsnefndinni. Sameiginlegur frambjóðandi Norðurlandanna, Norðmaðurinn Harald Brekke, sem Ísland hafði stutt dyggilega í kosningabaráttunni, náði glæsilegu endurkjöri í nefndina, sbr. einnig bls. 17. Niðurstöður kosninganna voru einnig að öðru leyti jákvæðar frá íslensku sjónarmiði. Að kosningunum loknum fjallaði fundurinn um hefðbundin dagskráratíði. Forsvarsmenn Alþjóðlega hafréttardómsins,

Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og landgrunnsnefndarinnar gerðu grein fyrir störfum þeirra og skýrslur þeirra voru ræddar. Ennfremur var fjallað um rekstrar- og fjármál Alþjóðlega hafréttardómsins. Einnig fór fram hefðbundin umræða um hlutverk aðildarríkjafundarins, en Ísland er í hópi þeirra ríkja sem telja fundinn eiga að einskorða sig við rekstrar- og fjármál í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins. Allsherjarþingið sé hinsvegar réttur vettvangur fyrir efnislega umfjöllun um hafréttarmál.

Miklum tíma var varið í umræðu um hvernig bregðast skyldi við auknu vinnuálagi landgrunnsnefndarinnar í ljósi fyrirsjáanlegs fjölda greinargerða strandríkja til nefndarinnar um ytri mörk landgrunns þeirra utan 200 sjómílna. Samkomulag náðist um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka verulega fundartíma landgrunnsnefndarinnar í New York og styrkja jafnframt hafréttarskrifstofu SP (DOALOS) vegna tæknilegrar þjónustu hennar við nefndina. Ganga þarf frá tilmælum þar að lútandi í almennri hafréttarályktun (omnibus-ályktun) allsherjarþingsins næsta haust. Loks var fjallað um skiptingu sæta í Alþjóðlega hafréttardóminum og landgrunnsnefndinni á milli svæðahópa, en vegna hlutfallslegrar fjölgunar aðildarríkja hafréttarsamningsins í Afríku- og Asíuhópunum gera þeir tilkall til þess að fá sameiginlega eitt sæti til viðbótar á kostnað Vesturhópsins. Síðastnefndi hópurinn andmælti því en stefnt er að því að ná samkomulagi og leiða málið til lykta í upphafi næsta aðildarríkjafundar að ári.

Kosningar

Kosningar til **efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC)** fyrir kjörtímabilið 2007-2009 fóru fram 2. nóvember 2006. Kosið var í 20 sæti af 54. Sjálfkjörið var í ráðið úr þremur ríkjahópum af fimm. Þau ríki sem hlutu kosningu voru: Úr *GRULAC*: Barbados, Bólvía og El Salvador. Jafnframt var Argentína í framboði en náði ekki kjöri. *Afríka*: Alsír, Grænhöfðaeyjar, Malaví, Sómalía og Súdan. *Asía*: Filippseyjar, Indónesía, Írak og Kasakstan. *WEOG*: Bandaríkin, Holland, Kanada og Lúxemborg. *Austur-Evrópa*: Rúmenía og Hvíta Rússland. Jafnframt bauð Búlgaría sig fram en hlaut ekki kjör. Nokkrar umferðir þurfti til að skera úr um hvort Búlgaría eða Hvíta Rússland næði kjöri. Búlgaría dró að lokum framboðið til baka. Þá fékk Hvíta Rússland 156 atkvæði og Búlgaría 12. Tuttugu og tvö ríki sátu hjá, þeirra á meðal Ísland sem hafði stutt Búlgaríu í öllum umferðunum.

Hinn 16. október 2006 kaus allsherjarþingið fimm ríki til setu í **öryggisráðinu** fyrir árin 2007 og 2008. Búið var að ganga frá framboðum í landahópum WEOG og Afríku. Þótt búið sé fyrirfram að

ganga frá framboðum í landahópum á ofangreindan hátt, fara kosningar fram um öll sætin sem í boði eru. Til að ná kjöri þarf að fá 2/3 greiddra atkvæða. Úr hópi WEOG-ríkja voru Ítalía og Belgía kosin í ráðið en úr hópi Afríkuríkja tekur Suður Afríka sæti í ráðinu í fyrsta skipti. Úr Asíuhópi kepptu Nepal og Indónesía um eitt sæti og náði síðarnefnda ríkið yfirburða kosningu. Nokkrum vikum fyrir kosningar hafði Suður Kórea dregið framboð sitt til baka vegna framboðs utanríkisráðherra landsins í stöðu aðalframkvæmdastjóra SP. Erfiðlega gekk að kjósa ríki úr hópi mið- og suður Ameríku og Karíbahafsríkja (GRULAC) þar sem Gvatemala og Venesúela kepptu um eitt sæti. Þurfti 48 umferðir til að ná niðurstöðu. Ríkjahópurinn kom sér að lokum saman um að Panama yrði málamiðlunarframbjóðandi í stað Venesúela og Gvatemala.

Hinn 16. nóvember 2006 fóru fram kosningar til **Alþjóðalaganefndarinnar** (International Law Commission). Mikil samkeppni var um sætin í nefndina. Norðurlöndin voru með sameiginlegan frambjóðanda, Marie Jacobsson frá Svíþjóð, og náði hún kjöri. Frambjóðendur frá eftirtöldum ríkjum náðu jafnframt kjöri: Argentínu, Brasilíu, Bretlandi, Chile, Ekvador, Egyptalandi, Frakklandi, Indlandi, Indónesíu, Ítalíu, Jamaíku, Japan, Jórdaníu, Kamerún, Kanada, Katar, Kenýu, Kína, Kólumbíu, Kosta Ríka, Malí, Mósambík, Nígeríu, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Rússlandi, Slóveníu, Sri Lanka, Suður Afríku, Sviss, Túnis og Þýskalandi.

Hinn 16. nóvember 2006 voru staðfestar skipanir og kosið í **ýmsar nefndir er heyra undir fimmtu nefnd allsherjarþingsins**. Þessar nefndir eru: Ráðgefandi nefnd um stjórnýsly- og fjárlagamál (Advisory Committee on Administrative and Budgetary Questions, ACABQ), framlaganefnd SP (Committee on Contributions), fjárfestinganefnd SP (Investments Committee), stjórnýsludómstóll SP (United Nations Administrative Tribunal), eftirlaunanefnd SP (United Nations Staff Pension Committee), nefnd er fjallar um borgaralega starfsmenn á alþjóðavettvangi (International Civil Service Commission) og endurskoðunarráð (Board of Auditors).

Hinn 21. febrúar 2007 fór fram fundur aðildarríkja **Barnasáttmála SP** þar sem kosnir voru 9 fulltrúar af 18 sem sitja í nefnd um réttindi barnsins. Á fundinum voru 188 lönd og þurfti hreinan meirihluta til að ná kjöri, eða 95 atkvæði. Ísland studdi fulltrúa Þýskalands, Egyptalands, Jamaíku, Litháen, Paragvæ, Ungverjalands, Rúanda, Bosníu og Hersegóvínu og Gíneu. Fjórar kosningalotur þurfti til að ná niðurstöðu og niðurstaðan varð sú að fulltrúar Þýskalands (131 atkvæði), Túnis (120), Egyptalands (116), Ítalíu (107), Litháen (105), Alsír (101), Paragvæ (100), Ghana (100) og Ungverjalands (101) náðu kosningu.

Á 101. fundi allsherjarþingsins þann 24. maí fór fram kjör **forseta allsherjarþingsins** og var dr. Srgjan Kerim frá Makedóníu einróma kjörinn forseti 62. allsherjarþingsins sem hefst í september nk.

Á fundi allsherjarþingsins 24. júlí 2007 var fastafulltrúi Íslands kjörinn einn af varaforsetum 62. allsherjarþingsins. Kjörnir **varaforsetar allsherjarþingsins** eru sextán og koma tveir í hlut vesturlandahópsins, að þessu sinni frá Íslandi og Tyrklandi. Auk varaforsetanna sextán eru fimm varaforsetar frá ríkjunum fimm sem hafa föst sæti í öryggisráðinu.

Í kjölfar kjörs forsetans á 101. fundi allsherjarþingsins fóru fram kosningar í stjórnir **undirnefnda allsherjarþingsins**, þ.e. kosningar formanna, þriggja varaformanna og ritara (rapporteur).

Í fyrstu nefnd (afvopnunar- og öryggismál) var Paul Badji frá Senegal kosinn formaður, í annari nefnd (efnahags-, þróunar- og umhverfismál) Kirsti Lintonen frá Finnlandi, í þriðju nefnd (félags- og mannréttindamál) Raymond Wolfe frá Jamaica, í fjórðu nefnd (sérstaka stjórn mála- og nýlendunefndin) Abdalmahmood Abdalhaleem Mohamad frá Súdan, í fimmtu nefnd (fjárhags- og stjórnsýslumál) Hamidon Ali frá Malasíu og í sjöttu nefnd (þjóðréttarmál) var Aledeil Tulbure frá Moldavíu kosinn formaður.

Kosningar 14 ríkja í **mannréttindaráð SP** fóru fram 17. maí 2007. Skipting sæta milli ríkjahópa var með þeim hætti að Afríka fékk 4 sæti og voru þau fjögur ríki sem í framboði voru öll kosin. Þau voru Angóla (172 atkvæði), Egyptaland (168), Madagaskar (182) og Suður Afríka (175). Í Asíuhópnum voru fjögur lönd í framboði til fjögurra sæta og voru Indland (185 atkvæði), Indónesía (182), Filippseyjar (179) og Katar (170) öll kosin. Í GRULAC-hópnum voru tvö lönd í framboði til tveggja sæta og náðu bæði Nikaragva (174 atkvæði) og Bólívía (169) kjöri. Fyrir kosningarnar ríkti óánægja meðal nokkurra WEOG-ríkja með að Hvíta Rússland væri í framboði til annars af tveimur sætum Austur Evrópuríkjahópsins, en Slóvenía var einnig í framboði. Þrýst var á Bosníu og Hersegóvínu að bjóða sig einnig fram og tilkynnti það land framboð sitt örfáum dögum fyrir kosningarnar. Úrslit kosninganna í þessum ríkjahópi voru þau að í fyrri umferð fékk Slóvenía 168 atkvæði og náði kosningu en hvorki Bosnía, sem fékk 95 atkvæði, né Hvíta Rússland, sem fékk 78 atkvæði, náðu lágmarksfjölda atkvæða, sem var 97. Í seinni umferð fékk Bosnía 112 atkvæði og Hvíta Rússland fékk 72 og tókst því að koma í veg fyrir að Hvíta-Rússland hlyti sæti í mannréttindaráðinu.

Í WEOG-ríkjahópnum var norrænt ríki, Danmörk, í framboði og keppti á móti Hollandi og Ítalíu um tvö sæti. Í fyrri umferð fékk Holland 121

atkvæði og komst inn, en Danmörk og Ítalía fengu bæði 114 atkvæði. Í seinni umferð fór Ítalía inn með 101 atkvæði en Danmörk fékk einungis 86 atkvæði. Þessi úrslit voru veruleg vonbrigði fyrir Danmörku og einnig hin Norðurlöndin því stefnt hafði verið að því að Norðurlöndin skiptust á að eiga fulltrúa í ráðinu.

Á 17. fundi aðildarríkja hafréttarsamningsins sem stóð frá 14. til 22. júní var kosið í 21 sæti í **landgrunnsnefnd SP**. Sætunum var skipt milli ríkjahópa þannig að Asíuríkin fengu 5 sæti, Afríka 5 sæti, GRULAC 4, WEOG 4 og Austur Evrópuríkin 3 sæti. 152 ríki eru fullgildir meðlimir nefndarinnar og þurfti 2/3 greiddra atkvæða til að ná kjöri. Í framboði til endurkjörs í eitt af fjórum sætum vestræna ríkjahópsins var norrænn frambjóðandi, Harald Brekke frá Noregi, og náði hann kosningu strax í fyrstu umferð kosninganna með flest atkvæði sem greidd voru í vestræna ríkjahópnum, sbr. bls. 13-14.

Eftirfylgni leiðtogafundar SP í september 2005

Þegar 61. allsherjarþing var sett átti enn eftir að ljúka viðræðum um eftirfylgni leiðtogafundar SP í september 2005 á nokkrum sviðum. Samningar á grundvelli lokaskjals leiðtogafundarins voru um endurbætur starfshátta efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC), stækkun öryggisráðsins og endurbætur á vinnubrögðum þess, aðgerðir gegn hryðjuverkum, endurbætur á rekstri skrifstofu SP, endurskoðun verkefna og umhverfismál. Kofi Annan skipaði einnig hóp háttsettra einstaklinga til að gera tillögur um samræmingu á aðgerðum SP í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum.

Aðgerðir gegn hryðjuverkum: Á síðustu dögum 60. allsherjarþingsins náðist samkomulag um ályktun um heildarstefnu SP í aðgerðum gegn hryðjuverkum. Með því lauk mjög erfiðum samningaviðræðum aðildarríkjanna sem tvísýnt var um fram á síðustu stundu því þetta er pólitískt og viðkvæmt málefni fyrir mörg ríki. Andstæðingar ályktunarinnar fundu m.a. það að henni að þar skorti skilgreiningu á hugtakinu „hryðjuverk“ og að þar væri engin umfjöllun um hryðjuverk sem framin væru af ríkjum („State Terrorism“) o.fl. Í ályktuninni er að finna heildarstefnu SP í nokkrum liðum, auk aðgerðaáætlunar þar sem aðildarríkin ákveða að grípa til aðgerða til að hindra hryðjuverk og berjast gegn þeim. Heildarstefnunni var svo formlega hleypt af stokkunum á ráðherrafundi 61. allsherjarþings í september 2006.

Í febrúar 2007 kom saman sérstök nefnd um varnir gegn hryðjuverkum sem stofnuð var 1996. Verkefni nefndarinnar eru tilgreind í ályktun 60/43 frá 8. desember 2005 og eru þau annarsvegar að vinna að drögum að allsherjarsamningi gegn hryðjuverkum og hinsvegar að ræða hvort

SP eigi að kalla saman fund háttsettra aðila til að vinna að þessu málefni. Á formlegum fundum nefndarinnar í febrúar var rætt um ofangreind verkefni og milli hinna formlegu funda áttu sér stað óformlegar viðræður áhugasamra aðila. Ekki náðist þó niðurstaða en á lokafundinum var samþykkt áskorun á 6. nefnd allsherjarþings SP um að stofna vinnuhóp til að vinna að því að fullgera sáttmálann á 62. allsherjarþingi (2007-2008). Árangur af þessari fundalotu nefndarinnar um aðgerðir gegn hryðjuverkum var því takmarkaður.

Stækkun öryggisráðsins og endurbætur á vinnubrögðum þess:

Fundur var haldinn í allsherjarþinginu 11. og 12. desember 2006 um stækkun öryggisráðsins og endurbætur á vinnubrögðum þess. Þá hafði lítið verið rætt um það mál í meira en eitt ár og ljóst að engin ein tillaga sem þá var á borðinu nyti nægjanlegs stuðnings. Það gildir einnig um G4 tillöguna svokölluðu, sem Ísland studdi. Um er að ræða tillögu Þýskalands, Japan, Indlands og Brasilíu um fjölgun, bæði í hópi ríkja með fast sæti og kjörinna ríkja til tveggja ára í senn.

Fastafulltrúi hélt ræðu á fundinum og sagði m.a. að málið hafi verið rætt til þrautar í meira en áratug og afstaða ríkja í málinu lægi fyrir en ekkert samkomulag væri í augnsýn. Hann benti á að leiðtogafundurinn árið 2005 hefði ályktað um mikilvægi breytinga á öryggisráðinu. Þá hefði þáverandi aðalframkvæmdastjóri SP, Kofi Annan, endurtekið lagt áherslu á að umbótum í starfi SP væri ekki lokið nema að samsetningu öryggisráðsins og starfsaðferðum þess yrði breytt. Ekki væri hægt lengur að miða skipan ráðsins við þann pólitíska veruleika sem við blasti í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Fastafulltrúi sagði að afstaða Íslands í málinu hefði um langt skeið legið fyrir. Ísland vilji að fastaríkjum og kjörnum ríkjum verði fjölgað og að starfsaðferðir ráðsins verði lagaðar að breyttum tímum, t.d. með því að auka gagnsæi í starfsemi þess.

Forseti allsherjarþingsins skipaði í upphafi árs 2007 fimm sáttasemjara (facilitators) sem skiluðu skýrslu um málið 20. apríl 2007. Þar er áherslan lögð á að ná tímabundinni lausn, þannig að nokkur ríki, væntanlega 6, gætu verið kosin til nokkurra ára og síðan mætti endurkjósa þau. Þá gætu t.d. G4 ríkin og tvö ríki frá Afríku verið kjörin til t.d. fimm ára og svo endurkjörin til annarra fimm, eða hugsanlega til tíu ára og endurkosin til annarra tíu ára. Þannig fengju þau langa og fasta viðveru.

Þessi lausn hefur talsverðan byr, en óvíst er að það nægi, m.a. er afstaða Afríku ekki ljós. Í hugsanlegri málamiðlun yrði að vera alveg ljóst að eftir ákveðinn árafjöldi þyrfti að taka þetta mjög svo viðkvæma mál allt til endurskoðunar, m.a. með það fyrir augum að taka fyrir á ný fjölgun fastra sæta og neitunarvaldið. Einnig er deilt um fjölda sæta í

öryggisráðinu samtals: Ef fjölgað yrði t.d. um ofangreind sex ríki, þá er fjöldi ríkja orðinn 21 í ráðinu og þá á eftir að ákveða aukinn fjölda kjörinna ríkja til tveggja ára. Bandaríkin setja sig mjög upp á móti mikilli fjölgun, vilja u.þ.b. 20 - 21 samtals, mörg önnur ríki nefna tölurnar 24 - 25. Bandaríkjamenn nefna skilvirkni ("efficiency") sem ástæðu afstöðu sinnar. Finna verði jafnvægi á milli fjölda ríkja í ráðinu og getu til að takast á við flókin verkefni og taka ákvarðanir. Minni ríki SP vilja flest fjölga meira kjörnum ríkjum til öryggisráðsins (tveggja ára kjör) og eru flest áhugasöm um opnari starfsaðferðir og fundi öryggisráðsins.

Um málið var rætt á fundi allsherjarþingsins 3. maí 2007 og flutti fastafulltrúi þá ræðu þar sem hann áréttaði m.a. að málið hafi verið margsinnis rætt á undanförunum árum og afstaða ríkja í málinu lægi fyrir án þess að samkomulag hefði náðst. Breytingar á öryggisráðinu væru mikilvægur hlekkur í umbótum í starfi SP. Hann áréttaði að afstaða Íslands vegna málsins hefði legið fyrir um langa hríð, fór yfir hana í stuttu máli og endurtók að Ísland styddi tillögur G4 ríkjanna. Hann sagði að leggja yrði sérstaka áherslu á málamiðlanir í þeim samningaviðræðum sem framundan væru.

Í framhaldi af skýrslu fimmmenninganna skipaði forseti allsherjarþingsins fastafulltrúa Liechtenstein og Chile hinn 22. maí 2007 til að freista þess að taka saman tillögur til þess að þoka málinu áleiðis á grundvelli skýrslu sáttasemjaranna fimm. Hinn 26. júní 2007 dreifði forseti allsherjarþingsins svo skýrslu tvímenningann. Í henni er að finna hugmyndir um tímabundnar lausnir og þátttökuríki SP hvött til að sýna sveigjanleika í þessu viðkvæma máli sem hefur verið til umræðu í einn og hálfan áratug. Áfram verður fjallað um málið á 62. allsherjarþingi.

Styrking efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC): Um miðjan nóvember 2006 náðist langþráð samkomulag um styrkingu ECOSOC. Strax í kjölfar leiðtogafundarins 2005 fór af stað óformlegt samningaferli um eftirfylgni ákvörðunar um endurbætur á ráðinu. Samningaviðræðurnar voru erfiðar. Styrkingin felst m.a. í tvennu nýju, þ.e. að halda árlegan ráðherrafund tileinkaðan þróunarmálum og að annaðhvert ár verði haldin allsherjarsamstarfsráðstefna um þróunarmál (Development Cooperation Forum). Markmiðið með þessum nýjungum er að styrkja samræmingar- og leiðtogahlutverk ECOSOC í þróunarmálum.

Nokkur atriði stóðu upp úr í samningaviðræðunum, en þó aðallega deilur um fjárheimildir. Málamiðlunin varð sú að veita ESOSOC heimild til að bæta allt að tveimur vikum við starfstíma sinn vegna nýrra verkefna. Einnig var tekist á um samskipti ECOSOC við

nýstofnaða friðaruppbyggingarnefnd, en þróunarríkjunum fannst að tillögur iðnríkjanna settu friðaruppbyggingarnefndina ofar ECOSOC. Þróunarríkin lögðu mikla áherslu á að ECOSOC væri ein af aðalstofnunum SP samkvæmt stofnsáttmála og ætti því ekki að taka við fyrirmælum frá friðaruppbyggingarnefndinni. Samkvæmt niðurstöðunni getur friðaruppbyggingarnefndin óskað eftir ráðgjöf frá ECOSOC um hvaða málefni eigi að taka fyrir á dagskrá nefndarinnar, en textinn er óljós eins og oft gerist þegar erfiðum málum er miðlað. Deilt var um mörg önnur atriði, en ekki verður farið út í það hér.

Umhverfismál: Í byrjun desember 2006 var haldinn stuttur fundur með það að markmiði að setja viðræður um eftirfylgni leiðtogafundarins á sviði umhverfismála af stað aftur eftir nokkurt hlé, en á leiðtogafundinum var ákveðið að styrkja og samræma betur aðgerðir SP kerfisins í umhverfismálum og auka sérfræðipækkingu.

Í janúar 2007 voru haldnir tveir óformlegir fundir allsherjarþings SP um málið. Þróunarríkin vilja almennt ekki að SP fjalli um umhverfismálin ein og sér. Þau sjá umhverfismálin í beinu samhengi við þróunarmál og segja að þróun verði að vera markmið allrar umræðu SP á þessu sviði. ESB er á þeirri skoðun að finna verði stað fyrir umræður og aðgerðir SP á sviði umhverfismála. Flest ríki ESB vilja setja á fót umhverfisstofnun SP, byggða á UNEP, sem yrði fjármögnuð með skuldbindingum aðildarríkja til langs tíma. Það lítur því út fyrir að það sé nokkur bjartsýni hjá ESB að ætla sér að ná fram hugmyndum sínum um að setja á stofn sjálfstæða stofnun í umhverfismálum vegna andstöðu margra þróunarríkja.

Þann 14. júní 2007 var haldinn stuttur fundur um málið. Formennirnir tveir, frá Sviss og Mexíkó, kynntu skriflegar tillögur sínar um framhald málsins. Þar er m.a. lagt til að alþjóðleg stjórn umhverfismála verði styrkt með ályktun allsherjarþingsins fyrir lok þessa árs. Einnig er lagt til að óformlegum viðræðum um grundvallarbreytingar á alþjóðlegri stjórn umhverfismála, þ.á m. um hugsanlega stofnun umhverfisstofnunar SP verði haldið áfram með því markmiði að formlegar samningaviðræður hefjist eigi síðar en í upphafi 63. allsherjarþings, þ.e. haustið 2008.

Endurbætur á rekstri skrifstofu SP: Áfram hefur verið unnið að nokkrum endurbótamálum varðandi rekstur skrifstofu SP, í samræmi við óskir um slíkt í lokaskjali leiðtogafundarins 2005. Þessi vinna hefur aðallega farið fram á vettvangi fimmtu nefndar þar sem unnið hefur verið að því að bæta mannauðsstjórnun og ábyrgð á þeim vettvangi, endurskoða innkaupareglur SP og bæta stjórnunar- og eftirlitsþætti stofnunarinnar. Markmið þessarar vinnu er að gera kerfi SP skilvirkara, hagkvæmara, afkastameira og ábyrgara.

Verkinu hefur miðað hægt og segja má að djúp gjá sé milli ríkjahópa varðandi þetta viðfangsefni. Þessar endurbætur hafa verið settar í samhengi við fjárhagsleg málefni SP og endurskoðun á verkefnum SP.

Allsherjarþingið samþykkti þann 15. mars 2007 að styrkja getu SP á sviði **friðargæslu** og þar var einnig kallað eftir ítarlegri skýrslu frá aðalframkvæmdastjóra SP um slíkt. Skýrslan er í skjali A/61/858 frá 13. apríl 2007 og ber heitið „Styrking á getu Sameinuðu þjóðanna til að stjórna og viðhalda friðargæsluverkefnum“.

Friðargæsluverkefni á vegum SP hafa vaxið á síðustu árum og hefur liðsafl í friðargæsluverkefnum SP aukist úr 57 þúsundum árið 2002 í rúmlega 100 þúsund manns. Enn frekari aukning er fyrirsjáanleg. Starfslið í yfirstjórn sem sinnir friðargæslumálum hefur ekki aukist að sama skapi og var tillögunum í skýrslunni ætlað að bæta úr því. Í henni voru tillögur að grundvallarbreytingum á rekstri friðargæslunnar og starfsmannafjölda innan hennar með það að markmiði að tryggja samhæfingu í stjórnun, samræmingu milli deilda SP og að auka starfsgetu friðargæslunnar, bæði innan höfuðstöðva friðargæslu SP (Department of Peacekeeping Operations, DPKO) og í vettvangsverkefnum. Lögð var til endurskipulagning á skrifstofu friðargæslumála, að hún skiptist í tvær deildir: 1) Skrifstofa DPKO, sem skiptist síðan í 5 undirdeildir og 2) Department of Field Support (DFS) sem skiptist í 3 undirdeildir. Nýja deildin, DFS, var hugsuð til stuðnings við vettvangsverkefni SP og til að sjá um starfsmannamál, fjármögnun, skipulag, samskipti, upplýsingatækni og önnur stjórnar- og rekstrarmál. Þessari nýju deild var ætlað að þjónusta stjórnardeildir friðargæsluverkefna og pólitískra mála en starfsvið höfuðstöðva DPKO sem miðar að rekstri vettvangsverkefna yrði fært í heild sinni til DFS. Þessar tillögur fólu í sér umtalsverða aukningu í mannafla og fjármunum á komandi fjárhagsári friðargæsluverkefna, en til viðbótar við 819 núverandi stöður á þessu sviði lagði skýrslan til 495 nýjar eða breyttar stöður, og 254 milljónir Bandaríkjadala aukningu í kostnaði frá því sem var á síðasta friðargæslufjárhagsári.

Meginþorri tillaganna var samþykktur á vettvangi fjárhags- og stjórnsýslunefndar SP. Þó voru einungis um 284 nýjar stöður samþykktar og 230,5 milljóna Bandaríkjadala kostnaðaraukning vegna þessara tillagna.

Endurskoðun verkefna á vegum SP: Á 61. allsherjarþingi hafa nokkrir fundir verið haldnir í vinnuhópi um endurskoðun verkefna á vegum SP (Mandate review). Erfitt reyndist að ná samkomulagi um það í hvaða röð ætti að hefja endurskoðun verkefnanna sem fara þarf yfir, en þau eru nú um 7000 talsins. Loks var samþykkt tillaga formanna vinnuhópsins um að skipta verkefnunum niður í fjóra verkefnaklasa

sem yrðu teknir í ákveðinni röð. Fyrsti klasinn af fjórum, sem byrjað var að fara yfir í byrjun desember 2006, eru verkefni sem tengjast eftirliti með eiturlyfjum, glæpavörnum og baráttu gegn alþjóðlegum hryðjuverkum. Lítið hefur miðað í samkomulagsátt.

Allsherjarþingið fjallaði um skýrslu hóps háttsettra einstaklinga um **samræmingu á aðgerðum SP í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum** dagana 16. og 17. apríl 2007. Kofi Annan skipaði í þennan hóp í kjölfar leiðtogafundar SP í september 2005. Það fer eins og rauður þráður um skýrslu hópsins að rétt væri að sameina starfsemi SP í ofangreindum málefnum í hverju landi í eina heild. Nokkur þróunarríki hafa verið valin til að láta reyna á hvort það gangi upp og er tilraunin farin af stað með góðum árangri.

Fastafulltrúi flutti ræðu á fundinum. Hann tók undir ræðu ESB og lýsti yfir almennum stuðningi við tillögur hópsins og aðalframkvæmdastjórans. Hann lagði sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna, en tók m.a. undir tillögur um sérstaka skrifstofu SP um jafnréttismál sem yrði stjórnað af varaframkvæmdastjóra (Under Secretary General). Norðurlöndin hafa sérstakan áhuga á málinu og áttu norrænu fastafulltrúarnir fund með forseta allsherjarþingsins þar sem áréttuð voru norræn sjónarmið vegna málsins auk vilja Norðurlandanna til að koma að þeirri „brúarsmíð“ sem framundan væri.

Forseti allsherjarþingsins skipaði fastafulltrúa Lúxemborgar og Barbados til að fylgja málinu eftir. Þeir héldu sinn fyrsta fund 6. júní 2007. Ísland tók undir ræðu ESB á þeim fundi. Þróðu ríkin styðja tillögurnar í grófum dráttum. Mörg þeirra, þ.á m. Ísland, leggja mikla áherslu að tekið verði á jafnréttismálum sem fyrst með því að stofna sérstaka skrifstofu jafnréttismála innan SP. Þróunarríkin vilja að yfirmarkmið viðræðanna verði fjármögnun þróunar. Þau óttast að markmiðið með viðræðum um mál eins og jafnréttismál, mannréttindi og sjálfbæra þróun sé að setja ný og erfið skilyrði fyrir þróunarríkin. Þau leggja mikla áherslu á að markmiðið með þessu sé ekki að skera niður útgjöld.

Dagana 20. til 22. júní fóru svo fram óformlegar viðræður um skýrsluna. Fjallað er um málið í átta liðum: 1) sameining starfsemi SP í hverju landi (Delivering as One), 2) mannúðarmál (Humanitarian Affairs), 3) umhverfismál, 4) stjórnun, 5) fjármögnun, 6) jafnréttismál, 7) mannréttindi og 8) vinnuaðferðir skrifstofu SP (Business Practices). Fimm liðir voru teknir fyrir þessa daga, þ.e. 1), 2), 4), 6) og 7). Ísland tók undir ræður ESB og Norðurlöndin fluttu sameiginlega yfirlýsingu um jafnréttismál. Segja má að málið sé á frumstigi.

Sérstakur fundur allsherjarþingsins um loftslagsbreytingar

Forystumenn ríkja heims munu hinn 24. september 2007, daginn fyrir upphaf ráðherraumræðu 62. allsherjarþings SP, fjalla sérstaklega um hvernig takast megi að ná víðtæku samkomulagi um leiðir til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að sporna gegn frekari hlýnun andrúmslofts jarðar.

Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri SP boðaði til sérstaks aukafundar í allsherjarþinginu í lok júlí 2007 til þess að fjalla um loftslagsvandann. Sérstakir fulltrúar hans í loftslagsmálum gerðu þar grein fyrir viðræðum sínum við ýmsa þjóðarleiðtoga og sögðust bjartsýnir á að takast mætti að ná samkomulagi allra ríkja heims um markmið eftir að gildistíma Kýótó-bókunar loftslagssamnings SP lýkur árið 2012.

Auk fulltrúa aðildarríkja SP sóttu fundinn leiðtogar úr atvinnulífi og sérfróðir vísindamenn um loftslagsmál. Fastafulltrúi Íslands hjá SP flutti þar ávarp og vakti meðal annars athygli á markmiðum íslenskra stjórnvalda um allt að 75% niðurskurð í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2050, fjallaði um mikilvægi þess að nýta endurnýjanlegar orkulindir á borð við jarðhita og greindi frá árangri tveggja áratuga starfs jarðhitadeildar Háskóla SP á Íslandi, sem hefur þjálfað 359 sérfræðinga frá 40 ríkjum, einkum þróunarríkjum. Að lokum vakti hann athygli á útrás íslenskra orkufyrirtækja og nefndi sem dæmi uppbyggingu jarðhitaverkefnis í Kína.

Fyrsta nefnd: Afvopnunar- og öryggismál

Mona Juul, varafastafulltrúi Noregs, gegndi formennsku í 1. nefnd (afvopnunar- og öryggismál) sem starfaði frá 2. til 30. október 2006.

Fastafulltrúi Íslands flutti ræðu í almennri umræðu nefndarinnar. Hann sagði m.a. að íslensk stjórnvöld hefðu þungar áhyggjur af yfirlýsingu Norður-Kóreumanna um að þeir hygðust gera tilraunir með kjarnavopn. Í ræðunni var lýst yfir vonbrigðum með almenna stöðu í afvopnunarmálum. Þar ríki nú stöðnun. Til dæmis hefði samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBT) ekki enn gengið í gildi, þrátt fyrir að 176 ríki hefðu undirritað og 135 ríki fullgilt hann. Fastafulltrúi sagði, að samningurinn um hindrun útbreiðslu kjarnavopna (NPT) gegni áfram lykilhlutverki í því að koma í veg fyrir að slík gjöreyðingarvopn komist í hendur fleiri ríkja. Lýst var yfir von um að samkomulag næðist um kjarnorkumálefni Íran. Írönsk stjórnvöld yrðu að fallast á kröfur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Í ræðunni var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að ná samningum til að koma í veg fyrir útbreiðslu ólöglegra handvopna og léttvopna. Að lokum var áhersla lögð á endurbætur starfs í 1. nefnd.

Ísland hefur við nefndarstörfin náð samráð við helstu bandalagsríki, s.s. Norðurlöndin, einkum Noreg og Danmörku, um afstöðu til tillagna. Svokallaður Mason-hópur fundar vikulega en þar er skipst á upplýsingum um afstöðu til ályktunartillagna. Hópin skipa vestræn ríki, auk nokkurra sem teljast utan þeirra, s.s. Armeníu og Argentínu.

Samtals voru samþykktar 52 ályktunartillögur og 2 ákvarðanir í fyrstu nefnd. Ísland var meðflutningsríki að eftirfarandi ályktunartillögum: 1) Um viðhald alþjóðlegs öryggis, stöðugleika og þróunar suð-austur Evrópu; 2) Um eflingu friðar með raunhæfum aðgerðum á sviði afvopnunar; 3) Um styrkja-, þjálfunar- og ráðgjafaráætlun SP; 4) Um samning um bann við hefðbundnum vopnum sem valdið geta ódæma þjáningu; 5) Um framkvæmd samningsins um bann við jarðsprengjum; 6) Um miðlun upplýsinga um traustvekjandi aðgerðir á sviði hefðbundinna vopna; 7) Um samninginn um bann við kjarnavopnatilraunum; 8) Um öryggi og samvinnu á Miðjarðarhafssvæðinu; 9) Um gagnsæi upplýsinga um hernaðarmátt og 10) Um gerð alþjóðasamnings um vopnaviðskipti.

Hægt er að nálgast allar samþykktar ályktanir fyrstu nefndar á 61. allsherjarþinginu hér: <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Önnur nefnd: Efnahags-, þróunar- og umhverfismál

Formaður nefndarinnar var Tiina Intelmann, fastafulltrúi Eistlands. Hún er fyrsta konan til að gegna þessu embætti.

Í nefndinni hefur fastanefndin lagt áherslu á að fylgjast með málefnum um sjálfbæra þróun, umhverfismálum, málefnum þróunarríkja með tilliti til fjármögnunar þróunar og skuldastöðu þróunarríkja og um alþjóðaviðskipti og hnattvæðingu. Fastafulltrúi og varafastafulltrúi fluttu fjórar ræður í nefndinni, þ.e. um fólksflutninga milli landa og þróun; um sjálfbæra þróun og endurnýjanlega orku; um vanþróuðustu ríkin og landlukt þróunarríki og um háskóla SP, en vikið verður að efni þeirra síðar í þessum kafla.

Mikill meirihluti ályktana í nefndinni kemur frá þróunarríkjum (G-77 og Kína) og eru framlagsríki almennt ekki meðflutningsríki, en reynt er að forðast atkvæðagreiðslur. Mestur tími fer því í óformlegar samningaviðræður milli G-77 og Kína og framlagsríkja. Nefndin samþykkti 40 ályktanir og eina ákvörðun. Atkvæði voru greidd um ályktun um yfirráðarétt Palestínnumanna og Araba yfir náttúrulegum auðlindum sínum á hernumdum svæðum, um ályktun um viðskipti og þróun, um ályktun um olíumengun við strendur Líbanon og ályktun um loftslagsbreytingar. Sjá ítarlegri umfjöllun síðar.

Varafastafulltrúi Íslands stýrði óformlegum samningaviðræðum um ályktun um **búsetuáætlun SP** (UN-Habitat). Viðræðurnar stóðu yfir allan nóvembermánuð og lauk þeim með samhljóða samþykki nefndarinnar. Varafastafulltrúi stýrði tíu samningafundum og átti marga samráðsfundi að auki. Helsta deilumálið varðaði heimildir UN-Habitat til að hefja lánastarfsemi í þróunarríkjum. Undir lok viðræðanna þurfti varafastafulltrúi að leggja fram eigin málamiðlunartillögu sem að lokum leiddi til samkomulags. Málamiðlunin leiddi af sér samkomulag á árlegum fundi framkvæmdastjórnar UN-Habitat fyrr á þessu ári. Í samkomulaginu fólst heimild til að hefja lánastarfsemi, en með skilyrðum.

Nefndin samþykkti 15 ályktanir tengdar **umhverfismálum og sjálfbærri þróun**. Allar þessar ályktanir varða hagsmuni Íslands beint eða óbeint og flutti fastafulltrúi ræðu fyrir Íslands hönd við umræðu um málið. Sérstök áhersla er lögð á sjálfbæra orku á þessu ári og hefur Ísland mikið til málanna að leggja hvað það varðar. Í ræðu sinni vakti fastafulltrúi m.a. athygli á því að lykillinn að sjálfbærri þróun væri bættur aðgangur að endurnýjanlegri orku í þróunarríkjum. Þannig yrði komið í veg fyrir að velja þyrfti milli þróunar og umhverfisverndar. Í því sambandi þakkaði hann Alþjóðabankanum fyrir aukna áherslu á fjárfestingar í endurnýjanlegri orku. Hann sagði einnig frá jákvæðri reynslu Íslands á þessu sviði og hvernig Ísland miðlar þeirri reynslu til þróunarríkja með rekstri jarðhitaháskóla SP í Reykjavík. Í lokin sagði hann frá nýjum áherslum íslenskra stjórnvalda á samstarf við smáar eybjóðir á sviði sjálfbærrar þróunar.

Hvað ályktanir um þennan málaflokk varðar ber hæst heitar deilur um ályktun um loftslagsbreytingar, en eftir árangurslítinn ráðherrafund í Kenía um miðjan nóvember lagði ESB fram breytingatillögur m.a. um framhald Kyótó bókunarinnar eftir 2012. Eftir árangurslausar samningaviðræður lögðu þróunarlönd fram ályktun til atkvæðagreiðslu sem var samþykkt með 115 atkvæðum, en 48 ríki sátu hjá, þ.á m. Ísland og önnur Evrópuríki.

Einnig voru greidd atkvæði um ályktun um olíumengun við strendur Líbanon sem var samþykkt með 138 atkvæðum, þ.á m. atkvæði Íslands.

Um **fjármögnun þróunar** voru samþykktar samhljóða 3 ályktanir, þ.e. um fjármögnun þróunar, alþjóðlegt fjármálakerfi og alþjóðasamvinnu til að leysa erlenda skuldabyrði.

Um **fátækt og önnur almenn málefni þróunarríkja** voru samþykktar samhljóða 5 ályktanir, þ.e. um sérstakar þarfir landluktra þróunarríkja, um hlutverk smálána í baráttunni gegn fátækt, um þriðju ráðstefnu SP um vanþróuðustu ríkin, um samstarf um iðnþróun og um framkvæmd

áratugar SP í baráttunni gegn fátækt. Varafastafulltrúi flutti ræðu um fátækt og þróunarmál. Þar fjallaði hann sérstaklega um **fátækustu ríkin og landlukt þróunarríki** og lýsti m.a. yfir áhyggjum af stöðu þessara ríkja og sagði í stuttu máli frá þróunaraðstoð Íslands.

Um **hnattvæðingu, alþjóðaviðskipti og efnahagsmál** voru samþykktar 7 ályktanir, um aðlögun umbættra efnahagskerfa að hagkerfi heimsins þar sem Ísland var meðflutningsríki, um fólksflutninga og þróun, um aðgerðir gegn spillingu, hlutverk SP í þróun í tengslum við hnattvæðingu og samvirkni, um alþjóðaviðskipti og þróun, um alþjóðlegt ár náttúrutrefja og um hráefnaviðskipti.

Fastafulltrúi flutti ræðu um fólksflutninga og þróunarmál þar sem hann vakti m.a. athygli á þeirri breytingu sem orðið hefur á Íslandi á undanförunum árum með auknum flutningum fólks til og frá landinu. Í því sambandi nefndi fastafulltrúi mikilvægi þess að tryggja jafnan rétt kynjanna og réttindi barna, því misrétti geti oft orðið bæði orsök og afleiðing neikvæðra þátta fólksflutninga.

Nefndin samþykkti í atkvæðagreiðslu ályktun um endanlegan **yfirráðarétt Palestínnumanna** yfir hernumdu palestínsku landsvæði, þ.á m. Jerúsalem, og yfirráðarétt Araba á hinum hernumda sýrleska hluta Gólanhæða yfir náttúrulegum auðlindum. Ísland greiddi atkvæði með ályktuninni.

Um **rannsóknir, fræðslu, þjálfun og samstarfsmál** samþykkti nefndin 2 ályktanir, þ.e. um rannsóknar- og þjálfunarstofnun SP (UNITAR) og um háskóla SP. Ísland var meðflutningsríki með þeirri síðarnefndu. Fastafulltrúi flutti ræðu um háskóla SP þar sem hann sagði m.a. frá starfsemi sjávarútvegsháskóla SP og jarðhitaháskóla SP á Íslandi. Hann fór yfir árangur ársins og tilkynnti um áform íslenskra stjórnvalda um aukin framlög til skólanna í framtíðinni.

Nefndin samþykkti 4 ályktanir um **mannúðarmál og neyðaraðstoð**, þ.e. um sjálfboðaliða SP (White Helmets) þar sem Ísland var meðflutningsríki, og aðstoð við eftirfarandi þrjú ríki: Filippseyjar, Angóla og Líberíu. Ísland var einnig meðflutningsríki að síðastnefndu ályktuninni.

Að auki samþykkti nefndin ályktun í tilefni þess að sextúu ár eru liðin frá stofnun barnahjálpar SP (UNICEF) og tæknilega ályktun um leiðbeinandi reglur vegna alþjóðlegra ára. Ísland var meðflutningsríki í báðum tilfellum.

Haldnir voru reglulegir hádegisverðarfundir Norðurlanda í nefndinni, sem nýttust vel á þessu þingi, ekki síst vegna formennsku Finna í ESB. Fastanefnd hafði mikið gagn af því að sækja reglulega fundi sem

kanadíska fastanefndin boðaði til fyrir JUSCANZ-ríkjahópinn. Í honum eru einkum WEOG-ríki, sem standa utan ESB, auk nokkurra annarra. Þau eru Andorra, Ástralía, Bandaríkin, Ísland, Ísrael, Japan, Kanada, Noregur, Nýja Sjáland, Mexíkó, Rússland, San Marínó, Suður Kórea, Sviss og Tyrkland.

Hægt er að nálgast allar samþykktar ályktanir annarrar nefndar á 61. allsherjarþinginu hér: <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Priðja nefnd: Félags- og mannréttindamál

Priðja nefnd 61. allsherjarþings, sem fjallar um félags- og mannréttindamál, hóf starf sitt mánudaginn 2. október og stóðu fundir hennar yfir til 8. desember 2006. Tíu liðir voru á dagskrá nefndarinnar, sem sumir greindust í nokkra undirliði.

Formaður nefndarinnar var Hamid Al Bayati, fastafulltrúi Írak hjá SP. Nefndin samþykkti að þessu sinni 50 ályktanir. Rúmlega þriðjungur þeirra var samþykktur með atkvæðagreiðslu eða 24 ályktanir, en aðrar voru samþykktar án atkvæðagreiðslu. Ísland gerðist meðflutningsríki að 23 ályktunum.

Fastafulltrúi ávarpaði þriðju nefnd tvisvar sinnum í almennri umræðu um einstaka dagskrárliði. Hann flutti ræðu um málefni kvenna og jafnrétti kynjanna 10. október og ræðu um börn 16. október 2006.

Náið samráð og samstarf var meðal norrænu ríkjanna í þriðju nefndinni. Norðurlöndin lögðu fram þrjár ályktanir að þessu sinni. Svíþjóð og Danmörk lögðu fram ályktanir með fullum stuðningi hinna Norðurlandanna. Danmörk lagði fram ályktun um pyntingar og aðra vanvirðandi meðferð. Svíþjóð lagði fram ályktanir annarsvegar um skrifstofu flóttamannafulltrúa SP og hinsvegar um aftökur án dóms og laga. Ályktanirnar voru samþykktar samhljóða nema síðastnefnda ályktunin sem var samþykkt með atkvæðagreiðslu.

Mikill ágreiningur varð innan nefndarinnar um ályktanir um mannréttindaástand í einstökum ríkjum sem endurspegladi þá umræðu sem átti sér stað í aðdraganda stofnunar hins nýja mannréttindaráðs SP. Í þriðju nefndinni voru lagðar fram ályktanir um mannréttindaástand í Íran, Hvíta Rússlandi, Norður Kóreu, Mjanmar (Búrma) og Úsbekistan. Ísland var meðflutningsríki að þeim öllum. Ályktanirnar voru allar samþykktar í atkvæðagreiðslu í nefndinni nema ályktun um mannréttindaástand í Úsbekistan sem var naumlega vísað frá í atkvæðagreiðslu. Varð því ekki af efnislegri umfjöllun nefndarinnar um hana. Íran og Hvíta Rússland lögðu hinsvegar fram ályktanir annarsvegar um ástand mannréttinda í Bandaríkjunum og hinsvegar um

stöðu innflytjenda og frumbyggja í Kanada. Báðar þessar ályktanir voru felldar með miklum meirihluta atkvæða í atkvæðagreiðslu í nefndinni.

Nefndin ályktaði um rétt palestínsku þjóðarinnar til sjálfsákvörðunar, en ályktun þar að lútandi var lögð fram af Egyptalandi. Ísland var meðflutningsríki að ályktuninni sem og ESB og Noregur. Einnig var samþykkt ályktun um áhrif innrásar Ísrael í Líbanon á þarlent mannréttindaástand, sem lögð var fram sameiginlega af Kúbu og Líbanon. Ísland sat hjá í atkvæðagreiðslu um ályktunina líkt og ESB og Noregur. Ályktun um aðstæður barna í Líbanon var dregin til baka.

Mikil umræða og djúpstæður ágreiningur varð í þriðju nefndinni um ályktun um samþykkt yfirlýsingar um málefni frumbyggja en yfirlýsingin var samþykkt með atkvæðagreiðslu í mannréttindaráði SP fyrir á árinu. Niðurstaðan varð sú að yfirlýsingin var ekki samþykkt í nefndinni. Samþykkt var hinsvegar í atkvæðagreiðslu breytingatillaga sem Nambía lagði fram fyrir hönd Afríkuhópsins sem kvað á um frestun á samþykki yfirlýsingarinnar um frumbyggja um óákveðinn tíma. Ísland greiddi atkvæði gegn breytingatillögunni líkt og ESB og Noregur. Niðurstaðan var vonbrigði fyrir mörg ríki en málefni frumbyggja hafa verið á dagskrá SP í rúmlega tuttugu ár.

Samþykkt var ný ályktun um eflingu aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum. Ályktunin var lögð fram sameiginlega af Frakklandi og Hollandi og var samþykkt samhljóða. Ísland var meðflutningsaðili að ályktuninni. Einnig samþykkti þriðja nefndin ályktun um mansal kvenna og stúlkubarna þar sem Ísland var jafnframt meðflutningsaðili. Þá samþykkti þriðja nefndin í atkvæðagreiðslu hefðbundna ályktun um réttindi barnsins sem Ísland var eins og áður meðflutningsríki að.

Nefndin samþykkti samhljóða ályktun um samþykkt alþjóðasamningsins um mannshvörf.

Ályktun um aðgerðir í baráttunni gegn kynþáttafordómum, kynþáttamisrétti og útlendingahatri, sem byggir á samþykkttri eftirfylgni alþjóðaráðstefnunnar í Durban árið 2001, var samþykkt í atkvæðagreiðslu. Ísland greiddi atkvæði með ályktuninni líkt og ESB og Noregur.

Hægt er að nálgast allar afgreiddar ályktanir þriðju nefndarinnar á 61. allsherjarþinginu hér: <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Fjórða nefnd: Sérstaka stjórn mála- og nýlendunefndin

Fjórða nefnd allsherjarþingsins kom saman 2. október 2006 og lauk störfum 28. nóvember 2006. Formaður nefndarinnar var Madhu Raman

Acharya, fastafulltrúi Nepal hjá SP. Helstu málefni á vettvangi fjórðu nefndarinnar voru eftirfarandi:

a) **Afnám nýlendna:** Hefðbundin ályktun um Vestur-Sahara sem var lögð fram af Alsír og samþykkt í atkvæðagreiðslu eftir langar samningaumleitunir. Í fyrra náðist samkomulag um sama texta ályktunarinnar sem þá var samþykkt án atkvæðagreiðslu. Ísland greiddi atkvæði með ályktuninni líkt og ESB og Noregur. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar nú var sú að 76 ríki greiddu atkvæði með ályktuninni um Vestur-Sahara en 72 ríki sátu hjá. Ekkert ríki greiddi atkvæði á móti.

Samþykktar voru í atkvæðagreiðslu hefðbundnar árlegar ályktanir um málefni nýlendna, þ.e. a) um upplýsingar frá nýlendusvæðum, skv. 73. gr. sáttmála SP, b) ályktun um framkvæmd yfirlýsingarinnar um sjálfstæði nýlendusvæða, c) ályktun um áhrif erlendra hagsmuna á nýlendusvæði og d) ályktun um miðlun upplýsinga um nýlendusvæði. Ísland greiddi atkvæði með ályktuninum líkt og ESB og Noregur. Ísland sat hinsvegar hjá við atkvæðagreiðslu um ályktun um framkvæmd undirstofnana SP og tengdra alþjóðastofnana á yfirlýsingu um sjálfstæði nýlendna, sem og ESB og Noregur. Aðrar ályktanir á sviði nýlendumála voru samþykktar í fjórðu nefnd án atkvæðagreiðslu.

b) Umræða um **fríðsamlega nýtingu himingeimsins** fer fram árlega í fjórðu nefndinni, á grunni skýrslu sérstakrar nefndar þar að lútandi. Ályktun um þetta efni var samþykkt samhljóða í nefndinni, auk ályktunar um upplýsingasöfnun gervihnatta til að greina náttúruhamfarir og jarðeyðingu.

c) Ályktun um áhrif **kjarnageislunar** var eins og áður samþykkt samhljóða en þessi málaflokkur er árlega til umræðu í fjórðu nefndinni.

d) Málefni **upplýsinganefndar SP** heyrir undir fjórðu nefnd, sem fjallar um ársskýrslu upplýsinganefndarinnar og skýrslu aðstoðaraðalframkvæmdastjóra upplýsingasviðs SP. Nefndin samþykkti tvær ályktanir á sviði upplýsingamála, annarsvegar um upplýsingamiðlun í þágu mannúðar og hinsvegar um stefnu og starfsemi samtakanna á sviði upplýsingamála.

e) Stefnumótun samtakanna á sviði **fríðargæslu** heyrir undir fjórðu nefndina, þótt að ákvarðanir um einstök fríðargæsluverkefni séu hinsvegar teknar í öryggisráði SP. Ísland gerðist aðili að sérstöku fríðargæslunefndinni (C-34) árið 2002, en skýrsla um störf hennar er lögð fyrir fjórðu nefndina.

f) Samþykkt var samhljóða ályktun um **Friðarháskóla SP** (University of Peace) sem lögð er fram á þriggja ára fresti. Ályktunin miðar að því að efla samstarf háskólans og stofnana SP frá því sem nú er.

g) Hefðbundnar árlegar ályktanir um **málefni Palestínumanna og Mið-Austurlanda** voru að vanda meðal helstu ágreiningsmála í fjórðu nefndinni. Þær eru eftirfarandi: Aðstoð við Palestínuflóttamenn; um eignir og tekjur Palestínumanna; aðstoð UNRWA við Palestínuflóttafólk í Mið-Austurlöndum; flóttafólk vegna sex-daga stríðsins 1967; um skýrslu sérstöku rannsóknarnefndarinnar um mannréttindabrot Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum; gildi IV. Genfarsamnings um óbreytta borgara á stríðstímum á hernumdu svæðunum; landnemabyggðir Ísraels á hernumdu svæðunum; um aðgerðir Ísraelsmanna sem hafa áhrif á mannréttindi Palestínumanna og um hernumdar Gólanhæðir. Ísland ásamt ESB og Noregi greiddi atkvæði með öllum ályktunartillögum um þessa málaflokka nema um starfsemi sérstöku rannsóknarnefndarinnar. Í því tilviki sat Ísland hjá líkt og Evrópusambandið og Noregur.

Hægt er að nálgast allar afgreiddar ályktanir fjórðu nefndar á 61. allsherjarþinginu hérna; <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Sérstaka friðargæslunefndin (C-34), sem er undirnefnd fjórðu nefndar, hélt fund 26. febrúar til 16. mars 2007. Þar var m.a. lögð áhersla á samhæfingu aðgerða í því skyni að tryggja betur öryggi friðargæsluliða SP. Fjallað var sérstaklega um kynferðislega misnotkun af hálfu friðargæsluliða samtakanna og hvernig beri að koma í veg fyrir hana. Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var 11. júní, varð samkomulag um sérstakar aðgerðir til að stemma stigu við þessu alvarlega vandamáli. Sérstakur vinnuhópur var starfræktur á vegum nefndarinnar í þessu skyni og hefur hann nú lokið störfum sínum. Ágreiningur stóð lengi innan nefndarinnar um texta samkomulagsins m.a. varðandi agaviðurlög vegna kynferðislegrar misnotkunar af hálfu friðargæsluliða og ágreinings um rannsóknaraðferðir í afbrotatilfellum og ábyrgð ríkja í því sambandi.

Lögð var áhersla á að auka þátttöku kvenna í friðargæslu á vegum SP á grunni ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Að lokum fjallaði friðargæslunefndin um tillögur aðalframkvæmdastjóra SP um endurbætur á starfsemi og skipulagi friðargæsluskrifstofu samtakanna (DPKO).

Upplýsingarnefnd SP heyrir einnig undir fjórðu nefnd allsherjarþingsins, eins og fram kom hér á undan. Ársfundur nefndarinnar var haldinn 30. apríl - 11. maí 2007. Fastafulltrúi flutti ávarp á fundi nefndarinnar og lagði m.a. áherslu á áframhaldandi

hagræðingu í rekstri upplýsingadeildar SP, markvissa nýtingu netmiðla og tölvutækni sem og umbætur í kynningarstarfi á vegum samtakanna. Þá lagði hann áherslu á úrbætur á heimasíðu samtakanna í því skyni að bæta aðgengi fatlaðra að upplýsingum sem þar koma fram, auk þess að fjalla um aðgerðir skrifstofunnar í þágu fjöltyngi. Þá fjallaði hann einnig um starfsemi upplýsingamiðstöðva SP (UNICS) í aðildarríkjunum, ekki síst þróunarlöndunum.

Fimmta nefnd: Fjárhags- og stjórnsýslumál

Fimmta nefnd 61. allsherjarþings, fjárlaga- og stjórnsýslunefnd, hóf störf sín 9. október 2006 en hún starfaði sleitulaust allt haustið og fram að júlum. Einnig kom nefndin tvívegis saman eftir áramót, í mars og maí. Formaður nefndarinnar á 61. allsherjarþingi var Youcef Yousfi frá Alsír.

Meðal reglubundinna verkefna nefndarinnar er umfjöllun um fjárlög SP og uppfærsla þeirra, yfirferð yfir reiknireglur fyrir fjárframlög aðildarríkja SP, fjármögnun friðargæsluverkefna, fjármögnun sérstakra alþjóðlegra sakamáladómstóla fyrir Rúanda og ríki fyrrum Júgóslavíu, mannauðsstjórnun, ýmis rekstrarmál SP og ráðstefnuhald, móttaka skýrsla frá eftirlitsaðilum, o.fl.

Til viðbótar voru á árinu 2006 til umfjöllunar endurbætur á aðalstöðvum SP (Capital master plan), en áætlað er að þær kosti um 2 milljarða Bandaríkjadala.

Fjárlög SP, önnur en fjárhagsskuldbindingar vegna friðargæsluverkefna, eru gerð til tveggja ára í senn, og því fer bróðurpartur umfjöllunar fimmtu nefndar annaðhvert ár í fjárlög, en hitt árið er almenn stjórnsýsla til umfjöllunar. Þetta árið voru stjórnsýsluatriðin aðallega til umfjöllunar, því fjárlög SP vegna 2006-2007 voru samþykkt á síðasta allsherjarþingi. Meðal annarra atriða sem voru til umræðu má telja innkaupareglur SP, ýmis atriði varðandi mannauðsstjórnun stofnunarinnar, lífeyrissjóð starfsmanna SP, endurskoðunarmál SP, skipulag fundahalda, sameiginlega eftirlitsnefnd SP, áætlanagerð, auk almennrar afgreiðslu á endurskoðuðum fjárlögum og skammtímafjárlögum til friðargæsluverkefna.

Í heild var starfsemi fimmtu nefndar átakalítill haustið 2006, eftir mjög harðar pólitískar deilur í nefndinni allt 60. allsherjarþing. Helst hefur verið ágreiningur um ályktun um reiknireglur framlagaskala aðildarríkja SP, en til stendur að breyta þeim, eins og gert er reglulega, en núverandi reiknireglur eru frá árinu 2000. Deilur hafa staðið um hvaða aðferðafræði eigi að beita við útreikninga á fjárlögum aðildarríkjanna, hvaða viðmiðunarreiknitímabil eigi að miða við þegar

framlög eru metin, hvaða hámarks- og lágmarks- eigi að vera á framlögum, hvort fastaríki í öryggisráðinu eigi að greiða vissa lágmarksprósentu af kostnaði SP o.s.frv. Ekki náðist samkomulag um að breyta reglum og niðurstaðan varð því sú að óbreyttar reiknireglur verða í gildi fyrir tímabilið 2007 til 2009.

Nefndin kom aftur saman 5. mars 2007 og hélt fundi allan marsmánuð. Til umfjöllunar voru blönduð rekstrarmál auk hefðbundinnar umfjöllunar um framlög til friðargæsluverkefna. Meðal þeirra mála sem fjallað var um á fundum nefndarinnar að þessu sinni voru starfssemi sameinuðu eftirlitsnefndarinnar (joint inspection unit), starfsaðstæður dómara, styrkt og sameinað öryggisstjórnunarkerfi, starfsemi sérstakra pólitískra sendinefnda, heilsutryggingar fyrrverandi starfsmanna SP, o.fl. Eitt mál stóð upp úr sem sérstakt umfjöllunaratriði og það var réttargæslukerfið innan Sameinuðu þjóðanna (administration of justice). Í ályktun 59/283 kallaði allsherjarþingið eftir endurskoðun á réttargæslukerfi SP og í júlí 2006 skilaði sérskipuð nefnd um það málefni skýrslu. Í henni var gildandi réttargæslukerfi harðlega gagnrýnt og ýmsar breytingar og endurbætur á réttargæslukerfi SP lagðar til. Allsherjarþingið samþykkti í september 2006 að vísa málinu til umfjöllunar í bæði 5. og 6. nefnd SP en ekki náðist að klára að ræða þær breytingar í fundalotu haustsins. M.a. var talin þörf á að kalla 6. nefnd SP saman til sérstakrar tveggja vikna fundalotu í mars 2007 (sjá síðar). Til umræðu í 5. nefnd hafa verið atriði sem tengjast stjórnsýslu-, skipulags- og fjárhagslegum þáttum hins endurbætta réttargæslukerfis, kostnaður við ferli við að leysa úr sakamálum sem upp koma innan SP kerfisins, hvaða starfsmenn SP eigi að falla undir SP kerfið, skipanir og hæfisskilyrði dómara, skipulag dómstóla og áfrýjunarstigs o.s.frv.

Á hinum árlegu maífundum fimmtu nefndar sem hófust 7. maí var aðallega fjallað um ályktanir varðandi fjármögnun friðargæsluverkefna. Einnig var fjallað um ályktanir varðandi innra eftirlit SP og endurskoðun hjá stofnuninni, ályktun um svokölluð "Cross-cutting issues" sem fjallar um ýmis fjármála- og rekstrarmálefni er varða öll friðargæsluverkefni á vegum SP.

Ályktanir í fimmtu nefnd eru að jafnaði afgreiddar án atkvæðagreiðslu, að frátalinni ályktun um friðargæslu í Líbanon. Um hana voru að venju greidd atkvæði annarsvegar um nokkur ákvæði ályktunarinnar (varðandi bætur frá Ísrael fyrir árás á bækistöð SP í Líbanon 1996) og hinsvegar um ályktunina í heild. Ísland, Líkt og Noregur og ESB-ríkin, sat hjá við atkvæðagreiðsluna um hin umdeildu ákvæði ályktunarinnar en greiddi atkvæði með ályktuninni í heild. Aðrar ályktanir nefndarinnar voru afgreiddar án atkvæðagreiðslu.

Eftir að fyrirhuguðum fundartíma nefndarinnar átti að vera lokið í byrjun júní var kynnt í nefndinni ályktun varðandi styrkingu getu SP til að stjórna og viðhalda friðargæsluverkefnum. Í henni var fjallað um fjárhagslegar hliðar á tillögum aðalframkvæmdastjóra SP um endurskipulagningu á friðargæslu Sameinuðu þjóðanna, (sbr. bls. 21 og 22) sem m.a. fólu í sér tillögur um næstum fimm hundruð nýjar stöður í tengslum við rekstur friðargæslu SP. Fimmta nefnd féllst á hluta þessara nýju stöðugilda eða 284 af þeim, en langan tíma tók að ná endanlegri sátt um nýja stöðu varaframkvæmdastjóra (Under Secretary General) sem stjórna á nýrri stuðningsdeild við friðargæslumálefni. Af þeim sökum drógust fundalok fimmtu nefndar fram í síðari hluta júnímánaðar en á fundi þann 27. júní voru allar ályktanir samþykktar og störfum 5. nefndar á 61. allsherjarþingi lokið.

Hægt er að nálgast allar afgreiddar ályktanir fimmtu nefndar á 61. allsherjarþinginu hér: <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Sjötta nefnd: Þjóðréttarmál

Sjötta nefnd 61. allsherjarþings, laganefndin, hóf starf sitt þriðjudaginn 10. október 2006 og stóðu fundir hennar til 21. nóvember 2006. Formaður nefndarinnar var Juan Manuel Gomez Robledo frá Spáni. Ellefu efnisliðir voru á dagskrá nefndarinnar: Ályktun um aðgerðir til útrýmingar á alþjóðlegum hryðjuverkum, réttarbeiting innan SP, óskir um heimild til handa tveimur samtökum til að vera áheyrnaraðilar (observer status) í allsherjarþinginu (OPEC Fund for International Development og Collaborative Intergovernmental Scientific Research Institute), umfjöllun um gildi réttar (Rule of Law) á sviði lands- og alþjóðaréttar, ályktun um stöðu viðbótarbókana við Genfarsáttmálann frá 1949 varðandi vernd fórnarlamba vopnaðra átaka, ályktun um áhrifaríkar aðgerðir til að auka vernd og öryggi diplómátskra sendinefnda og fulltrúa og heildstæð endurskoðun á öllum þáttum friðargæsluverkefna. Auk þess voru fjórir liðir til viðbótar sem fólu einungis í sér umfjöllun um skýrslur frá ýmsum nefndum og stofnunum (United Nations Commission on International Trade Law, International Law Commission, Special Committee on the Charter of the United Nations og Committee on Relations with the Host Country).

Tímabreka verkefnið að þessu sinni var vinna við ályktun um aðgerðir til útrýmingar alþjóðlegum hryðjuverkum og þótt þar hafi ekki verið farið í efnislega endurskoðun á ályktuninni frá í fyrra, heldur var hún einungis uppfærð og orðalagi breytt, risu nokkrar deilur um þau atriði. Aðalásteytingarsteinninn var tilvísun í aðgerðir sem ýmsar stofnanir og samtök hafa gripið til gegn hryðjuverkum en þar þótti

sumum þjóðum ekki við hæfi að vísa í starf hernaðarlegra stofnana eins og NATO.

Fastafulltrúi Íslands flutti ræðu um hryðjuverk við almenna umræðu í nefndinni um það efni þann 12. október.

Allsherjarþing SP ákvað í september að vísa umfjöllun um réttargæslukerfi SP til umfjöllunar bæði í 5. og 6. nefnd. Ekki náðist að klára umfjöllun um það málefni fyrir jól svo því var vísað til áframhaldandi umfjöllunar hjá nefndunum og m.a. var 6. nefnd kölluð sérstaklega saman til 2 vikna fundalotu í mars 2007. Á þeim fundum fjallaði nefndin um lagalega þætti réttargæslukerfis SP, m.a. aðferðafræðina við úrlausn mála (bæði formlegt og óformlegt kerfi), málsókn og samspil rekstrar mála innan SP kerfisins og málsóknar fyrir almennum dómstólum, lögfræðilega aðstoð við þá sem standa í málarekstri, andmælarétt, skipulag dóms- og áfrýjunarstiga, hæfisskilyrði dómara, tegundir refsinga, réttarfarsreglur sem gilda o.fl. Á fundi nefndarinnar 23. mars 2007 samþykkti nefndin afstöðu til flestra ofangreindra atriða sem samstaða hafði náðst um og tók ákvörðun um að mæla með því við allsherjarþingið að það tæki réttarfarsreglur SP á dagskrá til frekari umfjöllunar á 62. allsherjarþingi SP haustið 2007.

Hægt er að nálgast allar afgreiddar ályktanir sjöttu nefndar á 61. allsherjarþinginu hér: <http://www.un.org/Depts/dhl/resguide/r61.htm>

Suður – suður nefnd SP (GA High-level Committee on South-South Cooperation)

Í maí 2007 lauk tveggja ára varaformennsku fastafulltrúa Íslands í nefnd háttsettra embættismanna um suður - suður samvinnu (High level committee on South - South Cooperation), en ríki "í suðri" eins og Kína, Indland, Brasilía o.fl. betur stæð ríki suðursins hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á þróunarverkefni í öðrum þróunarríkjum, ekki síst í Afríku. Þá hefur svokölluðum "þríhyrningsverkefnum" fjölgað þar sem þróunaraðstoð ríkra þjóða er notuð til að styrkja ákveðin verkefni í þróunarríki sem síðan koma öðru(m) þróunarríki(jum) jafnframt til góða.

Fundur um réttindi og virðingu fatlaðra

Dagana 14. til 25. ágúst 2006 var haldin í New York ráðstefna SP um sáttmála um vernd og aukin réttindi og virðingu einstaklinga með fötlun (Draft Comprehensive and Integral International Convention on the Protection and Promotion of the Rights and Dignity of Persons with

Disabilities). Sáttmáli þessi tekur til mikilvægra þátta í lífi fatlaðra svo sem réttinda þeirra og hvernig þau réttindi verði sem best tryggð.

Um var að ræða áttundu ráðstefnuna um gerð þessa sáttmála. Helgi Hjörvar, alþingsmaður, og Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneyti, tóku þátt í seinni hluta ráðstefnunnar.

Ráðstefnan var sótt af fjölda fulltrúa ríkja ásamt fulltrúum ýmissa hagsmunasamtaka. Búist var fyrirfram við að mestar umræður yrðu um hvernig ætti að framfylgja sáttmálanum og skilgreiningu á fötlun. Þegar á hólminn var komið voru hinsvegar lagðar fram breytingartillögur við nánast öll drög að greinum sem fram höfðu komið á fyrri ráðstefnum. Drögin voru þó að lokum samþykkt samhljóða ef undan er skilin ein grein sem nokkrar þjóðir lögðust gegn (neðanmálgrein við 12. gr.). Ljóst er að hér um tímamótasamning fyrir fatlaða um allan heim að ræða.

Síðasti fundur vinnunefndar (ad hoc committee) um samninginn var haldinn 5. desember 2006. Langvinnur ágreiningur hafði staðið um ofangreinda neðanmálgrein (legal capacity), sem kvað á um að þetta hugtak hefði ekki nákvæmlega sömu merkingu á arabísku, kínversku, rússnesku og síðan ensku, sem gerði lagalega túlkun samningsins óljósa. Niðurstaðan varð hinsvegar sú eftir frekari samningaumleitunir að neðanmálgreinin var felld úr samningnum. Samningur SP um réttindi fatlaðra var samþykktur af allsherjarþinginu þann 13. desember. Ísland gerðist aðili að ræðu ESB sem var flutt við það tækifæri. Varafastafulltrúi undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd á sérstakri undirritunarhátið 30. mars 2007.

Almennt um starfsemi fastanefndar

Framboð Íslands til öryggisráðsins

Starfið vegna framboðs Íslands til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009-2010 heldur áfram. Framboðið er m.a. kynnt fyrir öðrum ríkjum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og óskað er eftir stuðningi þeirra. Náíð samráð er við önnur Norðurlönd um framboðið og þau vinna að íslenska framboðinu víða um heim. Má að sumu leyti halda því fram að um sé að ræða norrænt framboð. Eins og áður hefur komið fram, keppa þrjú WEOG ríki um tvö sæti í ráðinu. Þau eru auk Íslands, Austurríki og Tyrkland. Fastafulltrúi og starfsfólk fastanefndar nýta öll tækifæri sem gefast til að kynna framboðið í New York og víðar. Fastanefnd og sérstakt kosningateymi utanríkisráðuneytisins halda utan um upplýsingar í gagnagrunni um atkvæðaskipti, skrifleg og

munleg stuðningsloforð, viðræður og fleira viðkomandi framboðinu. Kosningarnar eru haustið 2008.

Kynningarbæklingur, *ICELAND - First time candidate to the Security Council 2009–2010*, leit dagsins ljós og hófst dreifing í upphafi 61. allsherjarþings og 26. september 2006 opnaði utanríkisráðherra nýja heimasíðu sem sett hefur verið upp til kynningar á framboði Íslands. Vefslóð síðunnar er: <http://www.iceland.org/securitycouncil>

Stofnun stjórnmálasambanda

Fastanefndin hefur haft það verkefni að ljúka gerð og undirritun yfirlýsinga um stofnun stjórnmálasambanda við nær öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Það er jafnan gert að svonefndri “New York-fyrirmynd” sem þýðir að fastafulltrúar viðkomandi ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum undirrita þá yfirlýsingu að fengnu umboði ráðuneyta sinna og enginn viðbótarkostnaður hlýst af. Ekki er komið á skiptum á sendiherrum, heldur fara fastanefndirnar í New York að sinni með hin formlegu samskipti milli ríkjanna.

Röksemdir fyrir þessu eru nokkrar. Utanríkisviðskipti Íslendinga hafa margfaldast að umfangi síðustu ár og áratugi og Íslendinga er að finna að störfum æ víðar um heiminn. Stjórnmálasamband auðveldar boðleiðir við ræðisþjónustu.

Þá er í mörgum þessara ríkja að finna viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, og er upplýsingum um þau komið á framfæri á heimasíðu ráðuneytisins sem og af viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, VUR.

Loks er þess að geta að fastanefndin hefur látið meira til sín taka í starfi Sameinuðu þjóðanna síðustu ár og á í vaxandi mæli samstarf við fleiri ríki um framgang mála. Einnig hefur þessum ríkjum verið kynnt framboð Íslands til setu í öryggisráðinu og falast eftir stuðningi þeirra.

Ísland hefur nú stofnað stjórnmálasamband við flest ríki heims og aðeins eru örfá ríki eftir, sem Ísland hefur óskað eftir að stofna til sambands við. Nokkur þeirra eru að mestu reiðubúin og má búast við undirritun yfirlýsinga þar að lútandi bráðlega.

Þótt sumt af því sem rætt er við undirskriftarathafnir einkennist meira af almennum velvilja og von um frekari tengsl en beinum og formlegum óskum um tiltekin sambönd, þá kom í ljós í máli margra að þeir voru kunnugir íslenskum sjávarútvegi og því góða orði sem fer af Íslendingum á því sviði. Flestum var vel kunnugt um deildir jarðhita- og sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og höfðu uppi óskir um að fá að senda þangað nemendur til náms. Þá höfðu ýmsir þeirra ákveðnar óskir um samstarf um nýtingu sjávarauðlinda.

Samstarf Norðurlanda

Vikulegir fundir fastafulltrúa Norðurlandanna voru haldnir í húsakynnum norsku fastanefndarinnar árið 2006, en í upphafi árs 2007 tóku Finnar við formennskunni. Árlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda var haldinn í upphafi allsherjarþingsins undir norskri stjórn. Norræna samráðið á þessum fundum og fundum annarra norræna embættismanna hér í New York er Íslendingum afar mikils virði, raunar grundvallarforsenda fyrir yfirsýn og innsýn í mál á mörgum sviðum sem annars gæti verið harla erfitt að ná. Það er mikilvægt að viðhalda þessu samráði, að Ísland leggi sitt af mörkum til norræna samstarfsins þar sem aðstaða er til og sýna norræna samstöðu. Ímynd Norðurlandanna innan Sameinuðu þjóðanna er sterk og þykir mörgum hið hófstilla norræna velferðarkerfi til fyrirmyndar. Það er ánægjulegt að finna að norræna samstarfið í New York er ekki að gefa upp öndina þrátt fyrir aðild þriggja Norðurlanda að Evrópusambandinu (ESB). Og innan ESB er í New York mikill skilningur á sérstöðu Noregs og Íslands (sem og Liechtenstein í EES-samhengi) gagnvart sambandinu. Oftast virðist gengið út frá því innan ESB að Norðurlöndin þrjú innan sambandsins láti hin tvö fylgjast mjög náið með því sem er að gerjast innan sambandsins.

Hópur vestrænna ríkja (WEOG)

Í WEOG hópnum (Western European and Other States Group) eru fundir yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði. Ríkjahópurinn fjallar ekki efnislega um málefni heldur einungis um framboð ríkja úr hópnum til hinna ýmsu nefnda og ráða innan stofnana SP.

Öryggisráðið

Öryggisráð SP samþykkti 71 ályktun frá ágúst 2006 til júliloka 2007.

Ályktun öryggisráðs SP frá 11. ágúst 2006 (nr. 1701/2006) um **ástandið í Líbanon** var mikilvægur áfangi í átt til friðar í suðurhluta landsins. Þess var krafist að vopnahléi yrði komið á og að alþjóðlegt friðargæslulið með um 15 þúsund hermönnum tæki sér stöðu á því svæði þar sem stríðsátökin höfðu átt sér stað, ásamt líbanska stjórnarhernum. Kveðið var á um að samtímis því sem alþjóðlega liðið tæki sér stöðu og átökin hættu, skyldu Ísraelar kalla innrásarlið sitt á brott frá Líbanon. Einnig voru ákvæði um að Hizbollah skyldi þegar í stað láta lausa tvo ísraelska hermenn sem samtökin námu brott, en sá atburður var átylla Ísraela fyrir innrásinni í Líbanon. Öryggisráðið hefur lagt ríka áherslu á fulla innleiðingu ályktunarinnar til að unnt sé að tryggja langvarandi frið á svæðinu. Öryggisráðið hefur undanfarið

lýst yfir áhyggjum sínum af auknu ólöglegu vopnasmygli til Líbanon frá Sýrlandi sem sé til þess fallið að auka óstöðugleika á svæðinu.

Hinn 9. nóvember 2006 fór fram umræða í öryggisráði SP um **ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs**. Kallað var til fundarins að beiðni Arabaríkja. Tilfnið voru árásir Ísraelshers á Gasa-svæðið. Drög að ályktun frá Katar þar sem árásir Ísraels eru fordæmdar voru felld, þar sem Bandaríkjamenn beittu neitunarvaldi. Fjögur ríki sátu hjá; Danmörk, Slóvakía, Bretland og Japan.

Hinn 25. ágúst 2006 samþykkti öryggisráðið ályktun þar sem að nýju var fjölgað í friðargæsluliði SP á **Austur Tímor**. Þessar ráðstafanir komu í kjölfar átaka í lok maí milli stjórnarhermanna og uppreisnarmanna í Dili, höfuðborg landsins. Þing- og forsetakosningar voru haldnar í Austur Tímor í júní 2007.

Alvarlegt ástand í **Darfur** hefur ítrekað verið á dagskrá öryggisráðs SP. Á fundi öryggisráðsins um Darfur, sem haldinn var mánudaginn 11. september 2006, varaði aðalframkvæmdastjóri SP við frekari hörnungum á svæðinu. Tvær milljónir manna hefðu þurft að flýja heimili sín og væru háðar neyðaraðstoð, sem yrði stöðugt erfiðari í framkvæmd. Öryggisráðið samþykkti með ályktun ráðsins nr. 1706 (2006) að setja á fót friðargæslulið í Darfur, sem tæki við af gæsluliði á vegum Afríkusambandsins. Ríkisstjórn Súdan samþykkti hinsvegar ekki að friðargæslulið á vegum SP yrði sent á svæðið og lýsti því yfir að litíð yrði á það sem ógnun við Súdan ef ríki sendu friðargæsluliða undir flaggi SP til Darfur. Ríkisstjórn Súdan samþykkti hinsvegar eftir langvinnar samningaviðræður þann 12. júní 2007 tillögur um sérstakt sameiginlegt friðargæslulið á vegum SP og Afríkusambandsins í Darfur-héraði í Súdan (UN-AU Hybrid Peacekeeping Force). Öryggisráðið samþykkti í kjölfarið þann 31. júlí 2007 ályktun um að sent yrði 26.000 manna friðargæslulið á vegum SP og Afríkusambandsins til Darfur til að tryggja stöðugleika á svæðinu og koma á friði á nýjan leik.

Í skýrslu aðalframkvæmdastjóra SP til öryggisráðsins um **Kósóvó**, frá september 2006, lýsti hann vonbrigðum sínum með framgang viðræðna um framtíðarskipan Kósóvó. Kósóvó Albanir krefjast sjálfstæðis héraðsins en serbneska stjórnin hefur ekki fallist á það og vill að Kósóvó fái sjálfstjórnarréttindi en verði áfram hluti af Serbíu. Óformlegar samningaviðræður áttu sér stað innan öryggisráðsins um drög að ályktun um sjálfstæði Kósóvó sem byggði á tillögum Marti Ahtisaari, sérstökum fulltrúa aðalframkvæmdastjóra SP gagnvart Kósóvó, sem kynntar voru í apríl 2007. Almennur stuðningur var meðal aðildarríkja ráðsins við samþykkt ályktunarinnar um sjálfstæði Kósóvó en Rússland gerði strax í upphafi alvarlegar athugasemdir við

ályktunina og stóð í vegi samkomulags. Rússland hafði m.a. áhyggjur af því fordæmisgildi sem ályktun um sjálfstæði Kósóvó fæli í sér og taldi að samningaviðræður á milli deiluaðila væru ekki fullreyndar. Eftir ítrekaðar samningaviðræður innan öryggisráðsins var ályktunin dregin til baka þann 20. júlí 2007 eftir að ljóst var að samkomulag væri ekki til staðar. Sett hefur verið á fót sérstakt þríeyki (Troika) Rússlands, Þýskalands og Bandaríkjanna sem vinna mun áfram að lausn málsins.

Hinn 21. nóvember 2006 samþykkti öryggisráðið samhljóða að framlengja til eins árs umboð friðargæslusveita á vegum Evrópusambandsins í **Bosníu og Hersegóvínu** (EUFOR). Í ályktuninni minnti ráðið Bosniustjórn á að hún væri skuldbundin til að starfa í samvinnu við alþjóðlega stríðsglæpadómstólinn vegna ríkja fyrrum Júgóslavíu.

Fundur var haldinn í öryggisráðinu hinn 18. júní 2007 um **stríðsglæpadómstóla SP vegna fyrrum Júgóslavíu og Rúanda**. Forsetar stríðsglæpadómstólanna, sem og aðalsaksóknarar þeirra, upplýstu ráðið um gang mála. Fram kom m.a. í máli Carla del Ponte, aðalsaksóknara stríðsglæpadómstólsins vegna fyrrum Júgóslavíu, að forgangsatíði væri að hraða málshöfðunum og að handtaka eftirlýsta stríðsglæpamenn, sem væru enn á flóttu undan réttvísinni.

Öryggisráðið samþykkti hinn 14. nóvember 2006 ályktun um þvingunaraðgerðir gegn **Norður Kóreu** vegna tilrauna með kjarnavopn. Öryggisráðsríkin settu á fót sérstaka nefnd, sem mun hafa umsjón með framkvæmd aðgerðanna. Margir ætluðu að framkvæmd ályktunarinnar geti reynst erfið. Kemur þar helst til kasta nágrannaríkjanna, Kína, Japan og Suður Kóreu.

Alvarlegt ástand öryggismála í **Sómalíu** hefur ítrekað verið á dagskrá öryggisráðsins sem lýst hefur yfir áhyggjum vegna átaka og ástandi mannúðarmála í landinu. Þann 7. desember 2006 samþykkti öryggisráðið ályktun sem veitti friðargæslusveitum á vegum ríkjasamtaka sjö austur-Afríkjuríkja (East African Inter-Governmental Authority on Development (IGAD)) umboð til að vernda ríkisstjórn Sómalíu gegn íslömskum vígaflokkum og reyna að koma á friði í landinu. Öryggisráðið hefur lagt ríka áherslu á aukið pólitískt samráð í því skyni að festa stöðugleika í sessi í Sómalíu á nýjan leik eftir stríðsátök undanfarinna ára. Öryggisráð SP samþykkti ályktun um málefni Sómalíu þann 20. febrúar 2007 þar sem lýst var yfir eindregnum stuðningi ráðsins við stofnun friðargæslusveitar á vegum Afríkusambandsins (AMISOM) í Sómalíu. Öryggisráð SP hefur einnig harðlega fordæmt árásir vopnaðra sveita á friðargæslusveit Afríkusambandsins í Sómalíu í maí og forsætisráðherra landsins í júní.

Þann 11. desember 2006 fór fram umræða í öryggisráðinu um hið alvarlega **ástand í Írak** á grunni nýrrar skýrslu aðalframkvæmdastjóra SP þar að lútandi. Skýrslan áréttaði versnandi ástand öryggismála í landinu og þá miklu aukningu ofbeldis og hryðjuverka sem átt hafði sér stað undangengna mánuði. Sérstakur fulltrúi aðalframkvæmdastjóra SP í Írak, Ashraf Qazi, ávarpaði fund ráðsins en þar var lögð rík áhersla á áframhaldandi aðgerðir alþjóðasamfélagsins í því skyni að treysta ríkisstjórn Írak í sessi og stuðla að öryggi og stöðugleika í landinu. Þann 10. ágúst 2007 samþykkti öryggisráðið samhljóða ályktun sem lýtur að því að efla starfsemi sendinefndar SP í Írak (UNAMI) og auka hlutverk samtakanna við uppbyggingu landsins. Sérstök áhersla var þar lögð á mannúðarmál og aðstoð vegna flóttamannavanda í Írak.

Hinn 23. desember 2006 samþykkti öryggisráðið ályktun um þvingunaraðgerðir gegn **Íran**. Þær fela í sér að ríkjum er bannað að selja tækni og varning til Íran, sem komið getur að notum við auðgun á úrani eða við gerð kjarnavopna. Jafnframt, ef aðilar frá Íran sem koma að kjarnorkuáætluninni eru á ferð innan ríkja, ber stjórnvöldum að hafa auga með þeim, eins og það er orðað í ályktuninni (e. exercise vigilance). Öryggisráðið samþykkti samhljóða þann 24. mars 2007 ályktun um hertar þvingunaraðgerðir gegn Íran vegna áframhaldandi kjarnorkuáætlunar landsins. Sérstök áhersla var þar lögð á eftirlitshlutverk Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) með kjarnorkuáætlun Íran en þarlend stjórnvöld hafa ekki uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart fyrri ályktun ráðsins. Skorað var á stjórnvöld í Íran að sýna aukinn samstarfsvilja og leyfa fullt eftirlit IAEA með kjarnorkuáætlun landsins til að unnt væri að sannreyna staðhæfingar Írana um að eingöngu væri um að ræða hagnýtingu kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

Þann 20. mars 2007 var haldinn opinn fundur í öryggisráðinu um ástandið í **Afganistan**. Fastafulltrúi Íslands flutti ávarp á fundinum þar sem hann sagði að töluvert hefði áunnist í að koma á lýðræði og í enduruppbyggingu landsins á undanförunum árum. Hinsvegar ógnaði óstöðugleiki, aukin ólögleg ræktun og dreifing fíkniefna og spilling þeim árangri sem náðst hefði. Mikilvægt væri því að berjast áfram gegn þessum ógnunum. Fastafulltrúi fjallaði jafnframt um framlag Íslands til enduruppbyggingar í Afganistan, m.a. með starfsfólki á flugvöllum í Kabúl og með því að aðstoða afgönsk stjórnvöld við að færa alþjóðaflugvöllinn í hendur heimamanna. Þá hefðu Íslendingar tekið þátt í endurreisnarstarfi í Chagcharan-héraði í Afganistan.

Öryggisástandið í **Austur-Kóngó** hefur verið á dagskrá ráðsins en þar hefur öryggisráðið lagt sérstaka áherslu á hlutverk friðargæslusveitar samtakanna (MONUC) í því skyni að festa stöðugleika og lýðræði í

sessi á nýjan leik í samvinnu við stjórnvöld í landinu. Ástand öryggismála í landinu er hinsvegar ennþá viðkvæmt eins og átök undanfarna mánuði hafa sýnt fram á. Sérstök skýrsla aðalfrankvæmdastjóra SP um þróun öryggismála í Austur-Kóngó var birt í febrúar 2007.

Hinn 26. október 2006 fór fram árleg umræða í öryggisráðinu um **konur, frið og öryggi** og flutti fastafulltrúi þar ræðu fyrir Íslands hönd. Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 (2000) mælir fyrir um að öryggisráðið skuli beita sér fyrir aukinni þátttöku kvenna til að koma í veg fyrir vopnuð átök, í friðarferli og friðaruppbyggingu að loknum átökum. Í ávarpinu var lögð áhersla á mikilvægi ályktunar nr. 1325 í því skyni að auka þátttöku kvenna í friðarferli og friðaruppbyggingu. Ályktunin hefði komið til framkvæmda að hluta en töluvert starf væri ennþá óunnið. Fjallað var um aðgerðaáætlun SP sem miðar að því að innleiða ákvæði ályktunarinnar í alla starfsemi og stefnumörkun samtakanna. Lögð var áhersla á viðtæka starfsemi UNIFEM í þágu kvenna og greint var frá starfi sérfræðings í jafnréttismálum sem Ísland hefur fjármagnað hjá UNIFEM í Kósóvó undanfarin ár. Einnig var fjallað um nýjar áherslur í íslensku friðargæslunni sem miða að því að auka þátttöku kvenna.

Opinn fundur var haldinn í öryggisráðinu 17. apríl 2007 um **orku, öryggi og loftslagsbreytingar**. Þetta er í fyrsta skipti sem umræða um áhrif loftslagsbreytinga á sér stað á vettvangi öryggisráðsins. Fastafulltrúi flutti ávarp á fundinum og áréttaði m.a. að áhrif loftslagsbreytinga væru alvarlegt öryggismál sem hefðu í för með sér margþættar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar. Mætti í því samhengi nefna skort á vatni, eyðimerkurmyndun, aukna fólksflutninga og vaxandi óstöðugleika af þeim sökum. Hann fjallaði um áherslur Íslands á sviði nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, þ.á m. starfsemi jarðhitaháskóla SP á Íslandi.

Opinn fundur var í öryggisráðinu 25. júní 2007 um **náttúruauðlindir og átök**. Fastafulltrúi flutti þar ávarp og áréttaði m.a. að svæðisbundin átök og á milli ríkja vegna náttúruauðlinda væru víða alvarlegt öryggismál. Sem dæmi nefndi hann takmarkaðan aðgang að vatni, olíu o.fl. Hann fjallaði einnig um framlag SP til að stemma stigu við átökum vegna náttúruauðlinda og lagði þar m.a. áherslu á starfsemi friðaruppbyggingarnefndar SP sem og mikilvægi þess að efla svæðisbundna samvinnu.

Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC)

Skipulag og verksvið ECOSOC

ECOSOC hefur mjög umfangsmikið verkswið og fæst við efnahagsmál, viðskipti, iðnvæðingu og efnahagsþróun, félagsmál, mannfjöldamál, barnaverndarmál, húsnæðismál, kvenréttindi, kynþáttamismunun, eiturlyfjamál, glæpavarnir, félagslega velferð, æskulýðsmál, umhverfismál og matvælamál. Einnig samþykkir ráðið tillögur um hvernig bæta megi menntun og heilsugæslu, svo og mannréttindi og frelsi hvar sem er í heiminum. Fimmtú og fjögur aðildarríki eiga aðild að efnahags- og félagsmálaráðinu og eru þau kjörin af allsherjarþinginu til þriggja ára í senn. Ráðið heldur venjulega einn fund á ári og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála.

Fjöldi nefnda tekur þátt í störfum ráðsins og að auki styðst ráðið við sérstofnanir og áætlanir samtakanna. Ísland leggur áherslu á að taka þátt í störfum tveggja undirnefnda, þ.e. kvennanefndar SP (CSW) og nefndar um sjálfbæra þróun (CSD). Sérstofnanir ECOSOC eru sautján og er hver um sig sjálfstæð, með eigin fjárhag og aðalstöðvar. Þær kanna vandamál, undirbúa tillögur og aðstoða þróunarlönd á sérsviðum sínum. Allsherjarþingið hefur einnig komið á fót ýmsum öðrum sérhæfðum stofnunum, sem vinna í nánum tengslum við efnahags- og félagsmálaráðið og í flestum tilvikum gefa þær skýrslu til allsherjarþingsins og ráðsins.

Langþráð samkomulag um styrkingu ECOSOC náðist um miðjan nóvember 2006, sbr. umfjöllun fremst í þessari skýrslu.

Ráðið kom saman um miðjan desember til að ljúka ófrágengnum málum frá ársfundi ráðsins í Genf í júlí 2006 og huga að framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins um styrkingu ECOSOC. Þar fór m.a. fram atkvæðagreiðsla um áheyrnaraðild þriggja samtaka samkynhneigðra. Áheyrnaraðild þeirra hafði verið felld í atkvæðagreiðslu í nefnd sem fjallar um aðild frjálsra félagasamtaka. Að frumkvæði ESB var þeirri ákvörðun breytt í ECOSOC í tvísýnni atkvæðagreiðslu þar sem úrslitum réð hjáseta tíu ríkja, sem annars hefðu greitt atkvæði gegn aðildinni. Ísland greiddi atkvæði með aðild allra þriggja samtakanna.

Fastafulltrúi Íslands var fyrst kjörinn varaforseti ECOSOC í janúar 2006 og var hann endurkjörin í janúar 2007, annað árið í röð. Ísland situr nú í ráðinu tímabilið 2005-2007. Það kom í hlut Austur Evrópuríkja að velja forseta ráðsins í ár, og völdu þau fastafulltrúa Litháen í New York. Varaforsetarnir eru fjórir, frá Íslandi, fyrir hönd

Vesturlanda, frá Filippseyjum, fyrir hönd Asíu, frá Alsír, fyrir hönd Afríku og frá Haítí, fyrir hönd rómönsku Ameríku. Forsetinn og varaforsetarnir fjórir skipa stjórnarnefnd ECOSOC.

Varaforsetaembættið tók stóran hluta af starfstíma fastafulltrúa og varafastafulltrúa á tímabilinu. Stjórnarnefndin hélt 20 fundi í New York áður en árlegur fundur ECOSOC hófst í Genf í byrjun júlí 2007, og skrifaði fastanefndin frásagnir af þeim til að upplýsa önnur Vesturlönd um gang mála. Þetta starf hefur vakið mikla athygli á fastanefnd Íslands meðal fulltrúa ríkja hjá SP og hafa viðbrögð þeirra við störfum Íslands í stjórnarnefndinni verið afar jákvæð.

Varaforsætarnir skipta með sér verkum og það kom í hlut Íslands á þessu ári að stýra þeim hluta ECOSOC sem fjallar um mannúðarmál (humanitarian affairs segment). Fastafulltrúi bað sérstaklega um mannúðarmálin enda verða fulltrúar Íslands þá sýnilegir innan SP í þessum mikilvæga málaflokki.

Þetta ár var nokkuð viðburðarríkt í störfum ECOSOC vegna niðurstöðu leiðtogafundar SP um að endurskipuleggja starfsemi ráðsins.

Árlegur fundur ECOSOC

Árlegur fundur ECOSOC var haldinn í Genf dagana 2. til 27. júlí 2007. Markmiðið með fundi ráðsins á þessu ári er að stuðla að alheimsátaki gegn fátækt og hungri í heiminum. Fastafulltrúi Íslands í New York flutti ávarp á ráðherrafundi ráðsins 4. júlí. Hann vakti m.a. athygli á að ríkarí þjóðir heims yrðu að standa við loforð sín um framlög til þróunaraðstoðar og að Ísland muni ekki láta sitt eftir liggja. Hann lagði sérstaka áherslu á mikilvægi jafnréttis kynjanna og atvinnuþátttöku kvenna.

Undirbúningur fyrir árlegan fund ECOSOC hófst af fullum krafti í byrjun júní. Vegna varaforsætis fastafulltrúa kallaði undirbúningurinn á virka fundasetu og stjórn funda. Fastafulltrúi og varafastafulltrúi höfðu umsjón með undirbúningsviðræðum og textagerð í New York um þann hluta ECOSOC-fundarins sem fjallar um mannúðarmál (Humanitarian Segment), og fastafulltrúi stýrði þeim hluta fundarins í Genf sem fjallar um þá þætti dagana 13. til 18. júlí.

Ályktanir í ECOSOC

Á fundi ECOSOC í Genf í júlí voru samþykktar 66 ályktanir. Greidd voru atkvæði um eftirfarandi ályktanir: Ályktun um sjálfstæði til handa nýlendum og íbúum þeirra var samþykkt með 33 atkvæðum gegn engu en 19 ríki, þar á meðal Ísland, sátu hjá. Ályktun um aðstæður kvenna í

Palestínu, úr skýrslu kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, var samþykkt með 38 atkvæðum gegn 2 atkvæðum Bandaríkjanna og Ástralíu. Eitt ríki, Angóla, sat hjá. Ályktun um efnahags- og félagslegar afleiðingar hernáms Ísrael í Palestínu var einnig samþykkt með 29 atkvæðum gegn 2 atkvæðum Bandaríkjanna og Kanada. Ísland var meðal 18 ríkja sem sátu hjá.

